FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

241. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 13. OKTÓBER 2017



Föstudagsviðtalið

## Þurfum að hætta frekjupólitíkinni

Helgi Hrafn, Steingrímur J. og Lilja Alfreðsdóttir ræða stöðu stjórnmálanna, þörf fyrir innviðauppbyggingu, vanda íslenskrar tungu og mengandi stóriðju. SÍÐA 8, 10

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Ofgreiddi fyrir akstur sonarins

**STJÓRNSÝSLA** „Ég var að borga í kringum 30 þúsund á mánuði fyrir akstursþjónustuna og búin að gera það í um það bil eitt og hálft ár, þegar ég heyri af þessu ódýra nemakorti,“ segir Ásta K. Ólafsdóttir, móðir fatlaðs ungmennis á lokaári í framhaldsskóla.

Ásta segist hafa greitt yfir 300 þúsund krónur á ári fyrir þjónustu sem hægt var að kaupa fyrir 20 þúsund. Hún hafi ekki vitað af nemakortunum því Reykjavíkurborg hafi ákveðið að auglýsa þau ekki.

„Við ætluðum að setja þetta inn á heimasíðu Strætó en ákváðum að gera það ekki vegna þess að önnur sveitarfélög eru ekki að bjóða upp á þetta,“ segir Sigurbjörg Fjölnisdóttir á velferðarsviði.

— aá / sjá síðu 4

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Bergur Ebbi segir vantraust ekki tískusveiflu. 13

**SPORT** Nú er komið að stelpunum okkar að berjast fyrir sæti á HM í fótbolta. 16

**MENNING** Inga Sólveig býr til ævintýramyndir úr ferðalögum. 24

**LÍFIÐ** Popparinn Sturla Atlas er kominn yfir í óperuna. 34

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ**
- FÓLK
- MÁLMIÐNAÐUR



*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Íbúðalánasjóður
Velferðarráðuneytið

HÚSNÆÐISÞING
16.10.2017

Skráning hafin á
ils.is/husnaedisthing



SÆKTU RADDSTYRK Í ÍSLENSKA NÁTTÚRU

Voxis hálstöflur úr íslenskri ætihvönn




Klassískur Voxis, sykurlaus eða sykurlaus með engifer.

SAGA MEDICA

## Veður




Norðan og norðvestan 10-20 og talsverð rigning N-lands, en úrkomulítið syðra. Áfram hvassast á Vestfjörðum, en vaxandi norðvestanátt seinnipartinn, 13-23 í kvöld, hvassast á Ströndum. SJÁ SÍÐU 24



**Magnús Garðarsson.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Arion banki kærir stofnanda United Silicon

**VIÐSKIPTI** Arion banki sendi á miðvikudag kæru til héraðssaksóknara um mögulega refsiverða háttsemi Magnúsar Garðarssonar, fyrrverandi forstjóra og stofnanda kísilvers United Silicon í Helguvík.

Þetta kemur fram í svari Arion banka við fyrirspurn Fréttablaðsins. Þar er tekið fram að bankinn muni ekki svara því á hvaða mögulegu meintu brotum kæran byggist.

Arion banki er stærsti hluthafi og lánveitandi United Silicon sem er nú í greiðslustöðvun. Um miðjan september tóku fimm lífeyrissjóðir ásamt bankanum yfir 98 prósent af hlutafé verksmiðjunnar sem Arion hefur lánað um átta milljarða króna. Lánveitingin nemur um 3,6 prósentum af eigin fé bankans.

United Silicon kærði Magnús til héraðssaksóknara 11. september síðastliðinn. Kæran byggir á grun um meint stórfelld auðgunarbrot og skjalafals allt frá árinu 2014 eða þegar framkvæmdir við kísilverið hófust.

Í lok september fór stjórn þess fram á kyrrsetningu á eignum Magnúsar hér á landi sem Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu samþykkti. Var það gert vegna bótakröfu sem fyrirtækið gerir á hendur Magnúsi. Stjórnin telur hann hafa dregið sér um hálfan milljarð króna með fölsuðum og tilhæfulausum reikningum.

Ekki náðist í Magnús við vinnslu fréttarinnar. – hg

# Hlýjuðu sér vegna bruna



**Gestir Hótels Natura í Reykjavík voru reknir út í gær er eldur kviknaði í loftræstistokki ofan á hótelinu. Þótt sumum gestum væri brugðið voru þeir flestir léttir í lund er ljósmyndara bar að garði. Þá hafði hótelstarfsfólk fært fólkinu teppi til að vefja um sig í sjö stiga hitanum.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Fylgið hrapar hjá Framsókn

**KOSNINGAR** Framsóknarflokkurinn fengi 6,2 prósent atkvæða í Norðvesturkjördæmi ef kosið væri nú samkvæmt könnun fréttastofu 365. Flokkurinn fékk 20,8 prósent atkvæða í kjördæminu í fyrra.

Stór hluti fylgis Framsóknarflokksins hefur líklega færst til Miðflokksins sem fær 10,3 prósent.

Björt framtíð, Píratar, Viðreisn og Flokkur fólksins ná engum manni inn ef marka má könnunina og tapa fyrrnefndu flokkarnir þrír fylgi. Sjálfstæðisflokkurinn tapar einnig fylgi, fer úr 29,5 prósentum í 26,1.

Samfylkingin bætir við sig fylgi, fer úr 6,3 prósentum í ellefu. Hástökkvararnir virðast hins vegar vera Vinstri græn sem mælast nú með 30,2 prósenta fylgi í kjördæminu en fengu 18,1 prósent atkvæða í síðustu kosningum. – þea




# Mat hent í Ásbyrgi því enginn kemur að versla

**Heilsársrekstur verslunar í Ásbyrgi stendur afar tæpt. Fáir ef nokkrir koma í heimsókn, að sögn Ævars Ísaks Sigurgeirssonar kaupmanns. Ævar segist ætla að loka í einhvern tíma í vetur. Heimamenn segja vanta heilsársveg frá Dettifossi.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Nokkrir erfiðleikar eru í rekstri verslunar í Ásbyrgi. Samgöngur frá Dettifossi í Ásbyrgi eru sagðar lykilatriði heilsársreksturs verslunar á svæðinu.

Ævar Ísak Sigurgeirsson, kaupmaður í Ásbyrgi, segir að eftir hitametið í júlí hafi ferðamönnum snarfækkað.

„Ég er að henda núna því sem ég keypti inn fyrir þremur vikum. Það er allt runnið út á tíma og ég er hættur að kaupa inn núna. Þetta gerist þegar veturinn skellur á,“ segir Ævar Ísak.

„Það er erfitt að vera bjartsýnn þegar þetta er svona. Ætli ég haldi ekki svipuðu sniði og síðustu ár en líklega verð ég að loka til að þurfa ekki að greiða laun,“ heldur Ævar Ísak áfram.

Í fyrra var tap á rekstri verslunarinnar í Ásbyrgi upp á um þrjár milljónir króna. Í árslok var handbært fé fyrirtækisins aðeins 90 þúsund krónur og verslunini því sniðinn afar þröngur stakkur.

Ævar Ísak vonaði að með breytingum á samgöngum á svæðinu myndu ferðamenn koma í Ásbyrgi stóran hluta ársins en sú hefur ekki orðið raunin.

„Í júlí var hitamet og gerði hér 27 gráður. Þá komu margir og tjaldstæðið fylltist. En síðan ekki söguna meir,“ segir Ævar Ísak.

„Mest er svo sjokkið núna þegar það lokaðist í síðustu viku vegna snjókomu og Dettifossvegi var lokað að vestanverðu með keðju. Hann er fær núna en þar sem það gæti komið snjór í næstu viku tekur því ekki að opna hann.“

Ferðaþjónustuaðilar á svæðinu, sveitarstjórnarmenn og þingmenn hafa barist lengi fyrir gerð heilsársvegar að Dettifossi frá Ásbyrgi en án árangurs. Nú sé svo komið að ferðamenn fari að Mývatni en leiðin að Ásbyrgi sé of löng. Hringtengingu vanti við Ásbyrgi og Húsavík á leið til Akureyrar.

Ævar Ísak segir það leitt að malbikun Dettifossvegar hafi verið slegin af í fyrrahaust.

„Ásbyrgi er perla en hingað koma fáir vegna lélegra samgangna. Það er ekki hægt að hafa opna verslun ef enginn kemur að versla.“

sveinn@frettabladid.is



**Kaupmaður í Ásbyrgi segir gestum snarlega hafa fækkað.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Í júlí var hitamet og gerði hér 27 gráður. Þá komu margir og tjaldstæðið fylltist. En síðan ekki söguna meir.**
>
> Ævar Ísak Sigurgeirsson, kaupmaður í Ásbyrgi






**Við hrópum ferfalt húrra fyrir sérvöldum bílum á sýningartilboði. Takmarkað magn af Land Cruiser 150 Black, Hilux Invincible, RAV4 og Toyota C-HR á sjaldséðu verði.**

**100.000 kr. gjafabréf frá 66°Norður** fylgir með öllum nýjum bílum.

Funheitt tilboð á **Webasto miðstöðvum** fyrir veturinn og sértilboð á **vetrardekkjum frá Kletti**.

Rjúkandi kakó með rjóma og gómsætar veitingar á dúndurflottri haustsýningu hjá öllum viðurkenndum söluaðilum Toyota, laugardag kl. 12–16.

Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**




5 3+2 ÁBYRGÐ

FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Flokkarnir flestir á elleftu stundu með framboðslista sína

**STJÓRNMÁL** Ljóst er að meirihluti flokkanna sem ætla að bjóða fram í alþingiskosningunum 28. október næstkomandi verður á síðustu stundu með að skila inn formlegum framboðslistum sínum til yfirkjörstjórna kjördæmanna. Framboðsfrestur rennur út á hádegi í dag.

Á framboðslista skulu vera tvöfalt fleiri frambjóðendur en nemur þingsætum í kjördæminu. Listanum þarf að fylgja skrifleg yfirlýsing þeirra sem á honum eru um að þeir veiti leyfi fyrir því að nöfn þeirra séu þar. Þá þarf að skila inn meðmælum, skriflegri yfirlýsingu um stuðning við listann frá kjósendum í viðkomandi kjördæmi.

Fjöldi meðmælenda skal vera margfeldi af þingsætatölu kjördæmisins og talnanna 30 að lágmarki og 40 að hámarki. Kjörstjórnir fara síðan yfir hvort framboð séu gild og veita flokkum skamman frest, ef þörf er á, til að bæta úr.



**Flokkarnir hafa til hádegis í dag til að skila framboðum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Staðan á framlagningu framboðslista er mismunandi milli kjördæma. Í Suðvesturkjördæmi hafði til að mynda enginn flokkur skilað inn formlegum framboðslista þegar Fréttablaðið athugaði málið hjá yfirkjörstjórn þar. Tekið verður á móti framboðum í Kaplakrika kl. 10-12 í dag og stefnir því í að það verði traffík í Krikanum fram að hádegi.

Í Norðvesturkjördæmi höfðu þrír flokkar skilað inn listum í gær, Sjálfstæðisflokkurinn, Samfylkingin og Vinstri græn. Þar fengust þær upplýsingar að von væri á fleiri framboðum, eins og gefur að skilja.

Staðan er best í Norðausturkjördæmi þar sem 10 flokkar hafa skilað framboðslistum og bjóst oddviti yfirkjörstjórnar ekki við fleiri listum.

Sjö framboðslistar höfðu borist í Suðurkjördæmi og höfðu þeir komið á þriðjudag. Í Reykjavíkurkjördæmunum tveimur, suður og norður, höfðu aðeins Vinstri græn og Píratar skilað inn framboðslistum sínum á þriðjudag. **– smj**

# Greiddi aksturinn margfalt því borgin kynnti ekki nemaafslátt

**Nemakort á hagstæðum kjörum fyrir akstursþjónustu fatlaðra nemenda í Reykjavík eru ekki kynnt fyrir notendunum og aðstandendum. Móðir greiddi 300 þúsund en hefði getað keypt 20 þúsund króna árskort. Aðstandendur eru mjög ósáttir. Borgin brýtur leiðbeiningarskyldu, segir framkvæmdastjóri Þroskahjálpar.**

**STJÓRNSÝSLA** „Ég var að borga í kringum 30 þúsund á mánuði fyrir akstursþjónustuna og búin að gera það í um það bil eitt og hálft ár, þegar ég heyri af þessu ódýra nemakorti,“ segir Ásta K. Ólafsdóttir, móðir fatlaðs ungmennis á lokaári í framhaldsskóla.

„Það var fyrrverandi starfsmaður Strætó bs. sem sagði mér að sonur minn ætti þennan rétt,“ segir Ásta sem kveðst hafa rætt málið við aðra foreldra fatlaðra barna sem ekki hafi heldur vitað um ódýru árskortin.

Ásta leitaði til Strætó vorið 2016 og krafðist endurgreiðslu, enda hafði hún greitt yfir 300 þúsund krónur á ári fyrir þjónustu sem unnt hefði verið að kaupa fyrir 20 þúsund (47 þúsund fyrir 18 ára og eldri). Beiðni hennar var áframsend frá Strætó til velferðarsviðs borgarinnar.

Í svari velferðarsviðs til Ástu kemur fram að ákvörðun um að bjóða nemakort hafi verið tekin á fundi velferðarráðs í október 2009. Eftir það áttu fatlaðir nemendur val um hvort þeir keyptu nemakort eða greiddu hálft fargjald í ferðaþjónustunni. Árið 2015 hafi verið rætt um breytt fyrirkomulag greiðsluþátttöku en umræðunni frestað og því vísað til samráðsvettvangs sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hvort bjóða ætti upp á nemakortin í öllum sveitarfélögunum.

„Meðan ekki er búið að taka ákvörðun um að leggja niður nemakortin eða taka upp aðra leið til greiðsluþátttöku er ekki hægt að hætta að bjóða upp á kortin. Því hefur verið farin sú leið að leyfa nemendum að sækja kortið, en það er ekki auglýst,“ segir í svarinu.



**Mæðginin Ásta og Haraldur á heimili sínu í Vesturbænum. Haraldur er á lokaári í framhaldsskóla.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Kröfu Ástu um endurgreiðslu var hafnað með þeim rökum að sveitarfélaginu væri ekki skylt að bjóða upp á nemakortin heldur væru þau valkostur við annars konar greiðsluþátttöku sveitarfélagsins.

Árni Múli Jónsson, framkvæmdastjóri Þroskahjálpar, segir borgina hafa brotið lögbundna upplýsinga- og leiðbeiningarskyldu stjórnsýslulaga.

„Um leið og ákvörðun um að bjóða þessi nemakort fyrir fatlaða nemendur er tekin og ákvörðun um að hætta því hefur ekki verið tekin, fellur strax sú skylda á Reykjavíkurborg að upplýsa alla þá sem gætu hugsanlega haft hagsmuni af því að nýta þennan rétt,“ segir Árni.

Þessa upplýsinga- og leiðbeiningarskyldu segir Árni sérstaklega mikilvæga þegar um sé að ræða viðkvæma hópa eins og fatlaða einstaklinga.

„Bæði vegna þess að þessi hópur kann að hafa skerta getu til að afla sér upplýsinga upp á eigin spýtur, en einnig vegna þess að fjárhagsleg staða þessa hóps er oft þannig að þessi kjör geta skipt algerum sköpum og varðað þannig fleiri réttindi eins og réttinn til náms.“

Samkvæmt velferðarsviði Reykjavíkurborgar var tekin ákvörðun um að halda áfram með nemakortin í júní 2016. Í kjölfarið hafi þau verið kynnt á vefsíðu borgarinnar.

„Við ætluðum að setja þetta inn á heimasíðu Strætó en ákváðum að gera það ekki vegna þess að önnur sveitarfélög eru ekki að bjóða upp á þetta. Þetta er inni á heimasíðunni okkar, en ég skal viðurkenna að þetta er ekki mjög áberandi,“ segir Sigurbjörg Fjölnisdóttir, deildarstjóri á velferðarsviði. Hún lætur þess getið að nemendur eða forráðamenn þeirra þurfi að sækja sérstaklega um kortin hjá Reykjavíkurborg.

**adalheidur@frettabladid.is**



**Erill á Landspítala.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Allt orðið fullt á bráðamóttöku

**HEILBRIGÐISMÁL** Yfirfullt er nú á bráðamóttöku Landspítalans og er rúmanýtingin um 114 prósent, að sögn Jóns Magnúsar Kristjánssonar, yfirlæknis bráðalækninga á Landspítala.

„Það hefur verið mikið að gera hjá okkur undanfarna daga. Nú er svo komið að sjúklingum sem koma til okkar er raðað eftir bráðleika. Þeir einstaklingar sem þurfa að leggjast inn til okkar geta lent í því að festast á bráðamóttöku og liggja inni hjá okkur í einhvern tíma,“ segir Jón Magnús.

„Venjulega tekur um sex tíma að fara í gegnum þær rannsóknir sem þarf að gera áður en sjúklingur er lagður inn á legudeild. Hins vegar er það svo núna að menn eru að bíða í allt að 15 tíma og við erum með einstaklinga sem hafa beðið á annan sólarhring eftir því að komast á deild.“

Jón Magnús segir aðalvandamálið nú vera að daglega liggi á LSH yfir eitt hundrað einstaklingar sem bíði eftir vist á dvalarheimilum fyrir aldraða.

„Að okkar mati liggur flöskuhálsinn svolítið þar. Ef hægt væri að koma þessum einstaklingum á dvalarheimili yrði það mun auðveldara fyrir okkur,“ segir Jón Magnús. **– sa**

### LEIÐRÉTTING

*Í töflu á síðu 6 í Fréttablaðinu á miðvikudag þar sem tekin var saman verðkönnun á vetrardekkjum og umfelgun 10 fyrirtækja var innsláttarvilla. Í töflunni stóð fyrir mistök að heildarverð Vöku á dekkjum og umfelgun væri 51.981 kr. Hið rétta er að heildarverðið er 41.981 kr.*



ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF UMBOÐSAÐILI FIAT Á ÍSLANDI ÞVERHOLT 6 · 270 MOSFELLSBÆR · SÍMI: 534 4433 · WWW.ISBAND.IS




brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050

volvocars.is



**Þingvellir eru á heimsminjaskrá UNESCO.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Draga sig í annað sinn út úr UNESCO

**BANDARÍKIN** Eftir fimmtán ára veru í mennta- og menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) hafa Bandaríkin ákveðið að draga sig út úr stofnuninni á ný. Þetta var tilkynnt í gær en ástæðan er sögð meint andúð stofnunarinnar á Ísraelsríki.

Undanfarin ár hafa bæði Ísraelar og Bandaríkjamenn reiðst UNESCO. Meðal annars vegna ákvörðunar fyrr á árinu um að gamla borgin í Hebron á Vesturbakkanum yrði eitt af framlögum Palestínu til heimsminjaskrárinnar. Þótti Ísraelum það óviðunandi að staðurinn væri tengdur við Palestínu en ekki Ísrael vegna mikilvægis gömlu borgarinnar í gyðingdómi.

Framkvæmdastjóri UNESCO, Irina Bokova, sagðist í gær harma ákvörðun Bandaríkjamanna. Jafnframt sagði hún að það hefði haft slæm áhrif á stofnunina að hún hefði verið gerð pólitískari á undanförnum árum. Ákvörðun Bandaríkjanna þýddi mikinn missi fyrir samfélagið sem Sameinuðu þjóðirnar eru.

Bandaríkin voru eitt stofnríkja UNESCO árið 1945 en hafa þó ekki alltaf verið aðili að stofnuninni síðan. Árið 1984 tók þáverandi forseti, Ronald Reagan, sömu ákvörðun og Donald Trump forseti gerir nú og dró Bandaríkin út úr stofnuninni. Þá var ástæðan sögð spilling og að stofnunin væri höll undir Sovétríkin. George W. Bush forseti tók svo þá ákvörðun árið 2002 að Bandaríkin skyldu vera með á ný.

Ísraelar tóku þá ákvörðun í kjölfar úrsagnar Bandaríkjanna að gera slíkt hið sama. Lofaði Benjamín Netanjahú forsætisráðherra hugrekki og siðferði Bandaríkjanna í tilkynningu sinni. **– þea**

## Jól alla daga



**Þótt jólin séu ef til vill ekki komin hjá hinum almenna borgara eru þau komin í IKEA í Garðabæ. Líkt og undanfarin ár komu jólin með risavaxinni strágeit sem er stærri í ár en hún hefur áður verið. Hugmyndin um jólageitina kemur frá sænska bænum Gävle. Þar hefur geitin oftar en ekki orðið brennuvörgum að bráð. Íslenska jólageitin hefur þurft að þola sams konar svívirðu þótt veður hafi einnig leikið hana grátt af og til.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Forsetinn féll í yfirlið eftir bað

**FÓLK** Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, féll í yfirlið á miðvikudagskvöld að því er hann greindi frá á Facebook-síðu sinni í gærkvöld. Forsetanum heilsast vel.

„Heitt og notalegt bað í gærkvöldi reyndist aðeins of heitt og notalegt; að því loknu leið yfir ykkar einlægan og auðvitað tókst manni að lenda það harkalega að af hlaust skurður á enni og brákað nef,“ segir Guðni sem þakkar starfsfólki á slysadeild kærlega fyrir saumaskap og aðgæslu. „Og líka þeim sem fréttu af heimsókn þangað og vildu vita hvernig líðanin væri. Hún er góð þótt glögglega megi greina merki byltunnar eins og sjá má á myndum af móttökum og heimsóknum dagsins.“

Þrátt fyrir þessa slæmu byltu sinnti forsetinn margvíslegum embættisverkum á Bessastöðum í gær. **– gar**

# Sætir geðrannsókn eftir manndrápið á Hagamel

Maðurinn sem játaði að hafa orðið Sanitu Brauna að bana á Hagamel fyrir þremur vikum sætir nú geðrannsókn þar sem metið er hvort hann er sakhæfur. Lögreglumaðurinn Grímur Grímsson segir rannsókn málsins á lokametrunum.

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður, sem játað hefur að hafa orðið Sanitu Brauna að bana í húsi við Hagamel þann 21. september síðastliðinn, sætir geðrannsókn til að skera megi úr um sakhæfi hans.

Samkvæmt 2. mgr. 77. gr. laga um meðferð sakamála er rétt að láta sakborning sæta sérstakri geðrannsókn „ef vafi leikur á um að sakborningur sé sakhæfur eða refsing geti borið árangur vegna andlegs ástands hans“.

Aðspurður segir Grímur Grímsson, yfirmaður miðlægrar rannsóknardeildar hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, það ekki fortakslausa reglu að sakborningar í manndrápsmálum sæti geðrannsókn en ákæruvaldið geri þó mjög gjarnan kröfu um það í svona málum.

„Eins og kom fram í tilkynningu, þá liggur játning fyrir í málinu, en í svona málum eru alltaf rannsakaðir allir þættir sem mögulega geta skýrt málið, tæma talið má segja.“

Grímur bendir á að sakhæfi er lögfræðilegt álitaefni og þótt læknir framkvæmi geðmatið er það dómarans að komast að niðurstöðu um hvort hann sé sakhæfur eða ekki. Endanleg niðurstaða um sakhæfi liggi þannig ekki fyrir með mati læknis heldur með dómi.

Rannsókn málsins er nú á lokametrunum. „Málið er enn í rannsókn hjá okkur, en það er ekki mikið eftir. Það eru að koma niðurstöður úr tæknirannsóknum og skýrslur eru að berast,“ segir Grímur sem þorir ekki að segja til um hvenær niðurstaða rannsóknarinnar verði send héraðssaksóknara sem fer með ákæruvald í málinu.



**Maður, sem játað hefur að hafa banað Sanitu Brauna, óskaði ekki eftir því að andlit hans yrði hulið er hann var leiddur fyrir dómara.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Málið er enn í rannsókn hjá okkur, en það er ekki mikið eftir. Það eru að koma niðurstöður úr tæknirannsóknum og skýrslur eru að berast.



Grímur Grímsson, yfirmaður miðlægrar rannsóknardeildar

Grímur segir blasa við að konan hafi látist af völdum höfuðáverka, en lögregla hefur þegar greint frá því að sakborningurinn í málinu hafi játað að hafa greitt henni höfuðhögg með slökkvitæki.

Sakborningurinn sætir nú gæsluvarðhaldi til 27. október á grundvelli úrskurðar sem kveðinn var upp 29. september síðastliðinn. Upphaflega var maðurinn úrskurðaður í vikuvarðhald vegna rannsóknarhagsmuna, en vegna þess hve vel rannsóknin er á veg komin, byggir gildandi úrskurður á 2. mgr. 95. gr. almennra hegningarlaga um almannahagsmuni eins og tíðkast í manndrápsmálum.

**adalheidur@frettabladid.is**

# Telja gull í Minden og fá leyfi til að opna skipið

**STJÓRNSÝSLA** Umhverfisstofnun ákvað á miðvikudag að veita breska félaginu Advanced Marine Services starfsleyfi til að skera gat á póstherbergi þýska flutningaskipsins Minden til að ná þaðan út skápnum sem Bretarnir telja innihalda gull og silfur.

Hálft ár er síðan Landhelgisgæslan stöðvaði útsendara AMS þar sem þeir voru í óðaönn að starfa við flak Minden. Félagið sótti í kjölfarið um starfsleyfi sem Umhverfisstofnun þarf að veita með tilliti til hugsanlegrar mengunarhættu.

Ekki hefur verið upplýst til þessa að þeir verðmætu málmar, sem sagt hefur verið frá að breska félagið telji vera í skipinu, séu gull og silfur, heldur aðeins að um „verðmæta málma“ sé að ræða.

„Umbjóðandi minn telur að inni í þeim kassa sem hífður verður upp gæti verið að finna verðmæta málma, líklega gull eða silfur. Þetta muni þó ekki koma í ljós fyrr en að kassinn er opnaður,“ stendur í tölvupósti lögmanns AMS til Umhverfisstofnunar frá 23. maí. Þetta skjal var ekki meðal þeirra gagna sem Umhverfisstofnun hefur áður afhent en vitnað var til þess í Fiskifréttum í gær og fékk Fréttablaðið afrit af því í kjölfarið. **– gar**



**Leyfi til að opna Minden gildir til 1. maí 2018.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# OPNUNARPARTÝIÐ Í KRINGLUNNI HELDUR ÁFRAM ÞESSA VIKU

## KLIKKUÐ TILBOÐ Á LAUGARDAGINN FYRSTUR KEMUR, FYRSTUR FÆR



114793001
**STIKBOT FIGURE TRANSLUCENT**

~~1.299,00~~
**389,70**
5 stk




112228001
**NERF N-STRIKE ELITE MODULUS ESC-10 BLASTER**

~~11.499,00~~
**5.749,50**
5 stk




102651001
**POKEMON POKÉ BALL BELT**

~~7.999,00~~
**3.999,50**
5 stk




113617001
**BEBELLINO DOLL GIRL**

~~6.999,00~~
**3.499,50**
6 stk

## HELGARTILBOÐ FÖSTUDAG-SUNNUDAG




107178001
**QIXELS DESIGN CREATOR**

~~4.499,00~~
**2.699,40**




104371001
**THE GROSSERY GANG FIGURES IN SODA CAN**

~~650,00~~
**390,00**




103629001
**TWIST & TWIRLS, 18 cm**

~~100,00~~
**60,00**




113070001
**PLAY2LEARN HAMMER-BALL-TRACK**

~~5.499,00~~
**3.299,40**

Tilboðin gilda aðeins í Toys"R"Us í Kringlunni á meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

## OPNUNARTÍMI

| | |
|---|---|
| Mánudagur - miðvikudagur: | 10:00-18:30 |
| Fimmtudagur: | 10:00-21:00 |
| Föstudagur: | 10:00-19:00 |
| Laugardagur: | 10:00-18:00 |
| Sunnudagur: | 13:00-18:00 |

**PRICEMATCH**
VIÐ ÁBYRGJUMST BESTA VERÐIÐ Á MARKAÐNUM - LÍKA Á NETINU*
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á TOYS"R"US.IS/PRISMATCH

**Kringlunni 4-12**
**103 Reykjavik**

Toys"R"Us



Vinnustaðanámssjóður
Umsóknarfrestur til 14. nóvember

**Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Vinnustaðanámssjóði.**

Sjóðurinn veitir styrki til fyrirtækja og stofnana vegna vinnustaðanáms og starfsþjálfunar sem er skilgreindur hluti af starfsnámi skv. aðalnámskrá framhaldsskóla.

**Umsóknarfrestur er til 14. nóvember 2017, kl. 16:00.**

Markmið sjóðsins er að hvetja fyrirtæki og stofnanir til þess að taka við nemendum, sem stunda vinnustaðanám sem hluta af námi á framhaldsskólastigi, og gera þeim kleift að ljúka tilskildu vinnustaðanámi.

**Umsóknargögn er að finna á www.rannis.is.**
**Umsóknum skal skilað á rafrænu formi.**

**Nánari upplýsingar veitir**
Jón Svanur Jóhannsson, sími 515 5820,
jon.svanur.johannsson@rannis.is

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

ÚTSALA

Flísabúðin
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

Vissir þú að...
það er bannað að mismuna börnum eftir líkamlegri eða andlegri getu
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# FÖSTUDAGSVIÐTALIÐ



**Fólkið í landinu vill að við vinnum vinnuna okkar, segir Lilja Alfreðsdóttir. Strákarnir taka undir.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Enskan vinnur nema eitthvað verði að gert

**Huga þarf vel að innviðauppbyggingu, segja þau Steingrímur J. Sigfússon og Lilja Alfreðsdóttir. Þau eru gestir Föstudagsviðtalsins ásamt Helga Hrafni Gunnarssyni. Helgi segir að bregðast þurfi við vanda íslenskrar tungu.**

**2017**

Það er enn erfitt að átta sig á því hvernig landslagið verður eftir kosningar. Þess vegna er vitlaust að fara fram úr sér að mynda ríkisstjórn fyrir kosningar,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður Vinstri grænna.

## Nóg af silfurskeiðum

Eftir 34 ár á Alþingi segist Steingrímur enn brenna fyrir pólitík. „Þetta eru óvenjulegir tímar og það er á margan hátt magnað að fá að vera með í því,“ segir Steingrímur og bætir við að staðan líti vel út fyrir VG um þessar mundir. „Ég held að við séum að uppskera af góðu starfi. Við erum með frábæran formann sem stendur upp úr, ekki í líkamlegum skilningi heldur pólitískum. Eins og fjall innan um smáhóla í kringum sig þegar kemur að mælingum í íslenskum stjórnmálum. Hún nýtur yfirburðatrausts,“ segir Steingrímur. Hann segir þjóðina kalla á að hún verði næsti forsætisráðherra og hann vonar að það takist. „Ég ætla að leyfa mér að segja það og vera hreinskilinn: Er ekki kominn tími á venjulega, heiðarlega og trausta manneskju, unga þriggja barna móður sem býr í blokkaríbúð í Vesturbænum og fer á hjóli í vinnuna? Einhverja traustustu og heiðarlegustu manneskju sem ég þekki. Það er Katrín Jakobsdóttir. Er ekki komið nóg af hinu, þessum silfurskeiðadrengjum hverra stjórn við höfum verið undir undanfarin ár? Það hefur ekki gengið vel,“ segir Steingrímur.

## Vinstri græn græða

Lilja Alfreðsdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins, fer ekki í grafgötur með að flokkur hennar hefur átt í vandræðum. „Ég held að það sem Vinstri græn eru að græða á, ef maður má nefna Vinstri græn og að græða í sömu setningu, sé að það er engin forystukrísa hjá þeim. Ég held hins vegar að þessar kosningar muni koma okkur á óvart. Það hafa verið erfiðleikar hjá okkur, það er klofningur úr Framsóknarflokknum, en við sjáum að stuðningur við okkur er að aukast og ég spái því að samanlagt fylgi okkar, Framsóknarflokksins og Miðflokksins, eigi eftir að koma á óvart,“ segir Lilja. Hún telur fullvíst að miðja íslenskra stjórnmála sé að styrkjast. „En það sem maður tekur eftir þegar maður er að hitta kjósendur er að fólkið í landinu vill að við vinnum vinnuna okkar. Að við klárum fjögurra ára kjörtímabil, náum að halda utan um hlutina, stýrum af festu og ábyrgð og vitum hvað við erum að gera,“ segir Lilja.

## Ríkisstjórn boli ekki yfir þingið

„Ég held að Lilja hitti naglann á höfuðið. Fólk vill að við vinnum vinnuna okkar,“ segir Helgi Hrafn Gunnarsson, frambjóðandi Pírata. Hann segir að við myndun ríkisstjórna þurfi að horfa til fleiri möguleika en meirihlutastjórnar. Helgi Hrafn bendir á að skoðanakannanir hafi sýnt að það sé bara einn kostur á tveggja flokka ríkisstjórn. Það sé samstjórn VG og Sjálfstæðisflokksins. Hann veltir fyrir sér hvernig eigi að halda út kjörtímabil í fjögur ár, með mörgum litlum flokkum eða tveimur ólíkum flokkum sem gætu átt erfitt með að halda stöðugleika. „Hvernig ætti að gera það án þess að hún springi af einhverjum ástæðum?“ spyr Helgi. „Stjórnmálamenn verða að hætta frekjupólitíkinni þegar kemur að stjórnarmyndunarviðræðum og verða að geta horft á lausnir sem felast ekki í því að geta bolað yfir þingið í ríkisstjórn,“ bætir hann við.

Helgi segir Pírata reiðubúna til að fara í ríkisstjórn. „En við erum líka opin fyrir því að verja ríkisstjórn falli. Vitaskuld gegn skilyrðum.“

## Viðhaldsþörfin gríðarleg

*Hvað brennur á fólki þegar þið hittið kjósendur í kjördæmunum?* „Úti á landi er fólk að horfa á hluti sem varða það mestu, samgöngumálin. Hvað á að gera í vegamálum og svo framvegis. Ríkisstjórnin er með það á bakinu að hafa sýnt á spilin og það olli vonbrigðum,“ segir Steingrímur. Hann segir fólk muna eftir málflutningi flokkanna í aðdraganda kosninga, fyrir einungis ári, og beri saman orð og efndir.

„Við erum með glænýja skýrslu frá Samtökum iðnaðarins (SI) í höndunum. Þeir reikna út að uppsöfnuð viðhaldsþörf í helstu innviðum sé 372 milljarðar. Hvenær ætlum við að fara að borga inn á þennan reikning? Ef við rýnum inn í ríkisfjármálaáætlunina til fimm ára og fjárlagafrumvarpið þá er alveg ljóst að það veldur miklum vonbrigðum,“ segir Steingrímur.

Lilja tekur undir. „Ég held að þessi skýrsla SI sýni alveg svart á hvítu að við höfum ekki verið að sinna þessu. Það vantar heildarstefnumótun um það hvernig við ætlum að sinna innviðum. Ekki bara samgöngum heldur heilbrigðisþjónustunni og menntakerfinu,“ segir Lilja.

*En þarf ekki líka að greiða skuldir?* Lilja telur þverpólitíska sátt um að greiða skuldir ríkissjóðs en það þurfi líka að byggja upp. Nýta megi bætta stöðu ríkissjóðs eftir stöðugleikaframlögin í þá uppbyggingu.

## Smæsta málsvæði veraldar

Lilja er fyrsti flutningsmaður frumvarps um afnám bókaskatts, sem lagt var fram í haust. Meðflutningsmenn koma úr öllum flokkum. Bækur eru í lægra virðisaukaskattþrepi, sem var hækkað úr 7 prósentum í 11 prósent í ársbyrjun 2015.

*Þessi breyting sem var gerð á virðisaukaskattskerfinu, var hún mistök?* „Varðandi bækurnar, já. Ég er ekki á því að það eigi bara að vera ein virðisaukaskattstala, eins og sumir stefna að til þess að einfalda kerfið,“ segir Lilja. Hún segir bóksölu hafi dregist saman um 31 prósent síðan 2008.

„Við erum á einu smæsta málsvæði veraldar. Við erum með stjórnvaldstæki sem er skattkerfið okkar,“ segir Lilja og spyr hvort við ætlum ekkert að beita skattkerfinu okkar þarna. „Við megum ekki horfa framhjá því að stjórnvöld geta gripið inn í svona stöðu og önnur ríki hafa gert það. Norðmenn hafa gert það og Bretar hafa gert það. Það sem hefur gerst er að bókasala og bókaútgáfa hefur aukist í kjölfarið.“

## Vilja bjarga íslenskunni

Lilja segir skemmtilegt að náðst hafi þverpólitísk sátt um málið. „Ég lít





GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

svo á að við séum búin að ganga frá þessu máli, sama hver úrslit kosninganna verða. Eruð þið ekki sammála mér um það, strákar?"

„Jú, jú, það er nú fínt að menn eru búnir að sjá að sér í þessu," segir Steingrímur. Hann segir að hækkun virðisaukaskatts á bækurnar hafi þýtt verulegt tekjutap fyrir útgáfurnar. „Niðurstaðan blasir við, að bókaútgáfa er á hraðri niðurleið." Það sé jafnvel enn verra að verulega hafi dregið úr útgáfu á námsbókum og barna- og unglingabókum. „Það þýðir ekkert að tuða um að íslensk börn lesi ekki nóg eða að lesskilningur sé takmarkaður, ef það eru ekki einu sinni til bækur til að lesa. Þannig að ég er á því að við verðum að grípa til aðgerða. Það á að vera liður í stærri áætlun að mínu mati, sem snýr að því að standa vörð um íslenska tungu og við erum allt of sofandi í því," bætir hann við.

„Þar kemurðu að lykilatriðinu sem snýr að því að bjarga íslenskri tungu. Hún á í mjög miklum vandræðum," segir Helgi. Hann telur að þessi vandræði eigi eftir að aukast eftir því sem tækninni vindur fram. „Ég er hjartanlega sammála þeim um bækurnar og íslensk tunga þarf allan þann stuðning sem hún getur fengið. Höfum í huga að ef við ætlum að láta íslenska tungu fara eftir markaðsaðstæðum þá sigrar enskan. Vegna þess að það tala meira og minna allir Íslendingar ensku nú þegar og hún er gagnleg til allra hluta. Við þurfum að styðja íslenskuna á öllum sviðum, bæði með því að tryggja að bókaútgáfan sé í lagi og líka að hugað sé að því varðandi tæknimál," segir Helgi.

**Höfum það í huga að ef við ætlum að láta íslenska tungu fara eftir markaðsaðstæðum þá sigrar enskan.**

Helgi Hrafn Gunnarsson, frambjóðandi Pírata



**Er ekki kominn tími á venjulega, heiðarlega og trausta manneskju, unga þriggja barna móður sem býr í Vesturbænum og fer á hjóli í vinnuna?**

Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður VG



**Ég held að það sem Vinstri græn eru að græða á, ef maður má nefna Vinstri græn og að græða í sömu setningu, sé að það er engin forystukrísa hjá þeim.**

Lilja Alfreðsdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins



### Grænar áherslur þóttu djarfar

Það hefur stundum verið sagt að flokkur Vinstri grænna skiptist í tvo hluta, annan sem er kenndur við Steingrím og hagsmuni landsbyggðarinnar og hinn sem er kenndur við Svandísi Svavarsdóttur og umhverfismálin. Steingrímur segir þetta ekki standast skoðun.

„Ég leyfi mér að minna á að ég var fyrsti formaður VG og við brutum blað með því að stofna grænan stjórnmálaflokk. Mörgum fannst það djarft. Fólk er fljótt að gleyma hvað tímarnir voru gjörólíkir og umhverfismálin áttu erfitt uppdráttar. Það kostaði baráttu að koma þeim á þann stað sem þau eru á í dag. En við gleðjumst yfir því þegar aðrir flokkar grænka, að minnsta kosti fyrir kosningar. Umhverfismálin eru auðvitað stærsti málaflokkurinn fyrir okkar framtíð, loftslagsmálin, aðgerðir gegn hlýnun jarðar og við höfum skýra og metnaðarfulla stefnu í því, við viljum að Ísland verði kolefnishlutlaust land árið 2040 og við teljum það raunhæft en það þarf miklar aðgerðir til. Við viljum líka að allt miðhálendi Íslands verði þjóðgarður."

*Þá hlýtur þú að vera ánægður með starf starfandi umhverfisráðherra?* „Jú, Björt má eiga það. Það er ánægjulegt fyrir hana að fá tækifæri til að skrifa undir stækkun friðlands í Þjórsárverum, sem við vorum búin að berjast fyrir og koma áfram."

*En það voruð ekki þið sem kláruðuð málið, heldur hún.* „Já, það er ánægjulegt að hún gerði það. Við gleðjumst öll í hjarta okkar yfir slíku. Ég fagna því að umhverfismálin komist á dagskrá, mér hefur fundist þau aðeins ýtast til hliðar, svo sem skiljanlega þegar jafn brennandi mál sem snúa að samfélagsgerðinni og innviðunum eru fyrirferðarmest. En þó að skoðanakannanir mæli að umhverfismálin skori ekki hátt – mál sem fólk leggur ekki mesta áherslu á, þá er það ekki svo þegar betur er að gáð. Ég hef verið í skólum og víða núna, og unga fólkið er ánægjulega upptekið af umhverfinu, af vistsporinu og af því að breyta lifnaðarháttum sínum í þá átt að það hjálpi móður Jörð," segir Steingrímur."

### Bakki var málamiðlun

*Hvernig samræmist það grænni stefnu VG að hafa komið á fót kolabrennandi stóriðju á Bakka?* „Það samræmist henni mjög vel að því leyti til að það tókst að afstýra áformum um að byggja 400.000 tonna álver á Húsavík sem átti að soga upp alla orku í Þingeyjarsýslum og þótt víðar væri leitað, Skjálfandafljót var undir, Jökulvötn í Skagafirði voru undir, Gjástykki var undir og svo framvegis. Okkur tókst að ná fram málamiðlun og samkomulagi við heimamenn um að hætta við þessi áform en í staðinn kæmi þetta meðalstóra iðnaðarver. Já, það losar, það notar kolefni í ferlinu, en góðu fréttirnar eru þær að um leið er verið að framleiða hráefni í sólarorkuver, sólarsellur, þannig að þetta er líka að sumu leyti gott."

*Eruð þið ekkert hrædd við sögu kísilmálmvera, eins og núna, með United Silicon?* „Jú, enda vona ég að þetta sýni að þetta þarf ekki að vera svona. Það þarf ekki að standa svona óskaplega illa að hlutunum eins og hefur verið þarna í Helguvík."

*Hefur það ekki verið ágætlega gert hjá Bjartri framtíð, sem segir að það verði engir fleiri ívilnandi samningar gerðir við mengandi stóriðju?* „Jú, jú, ég held að við séum að komast á þann stað."

*En af hverju segið þið það ekki þá? Engir fleiri ívilnandi samningar við mengandi stóriðju?* „Við vorum ekki þarna stödd á þeim tíma."

*Ég meina bara núna?* „Það er í raun og veru skrifað í okkar tillögur þegar þú sérð kolefnishlutlaust Ísland árið 2040. Miðhálendisþjóðgarður girðir fyrir frekari virkjanir og jarðrask á því svæði, setur þessa hluti alla í nýjar skorður, við erum með okkar eigin mjög metnaðarfullar áætlanir um orkuskipti í samgöngum og annað í þeim dúr. Við höfum greitt skýrt atkvæði um það á landsfundi að við teljum að eigi að hætta við áformin um sæstreng. Þetta eru allt saman nýir hlutir sem setja umhverfis- og náttúruverndarmálin í alveg nýja stöðu. Ég held að tími orkufrekrar stóriðju sé liðinn á Íslandi."

### Breytt atvinnulíf

Lilja segir það einnig spila inn í að atvinnulífið hafi tekið miklum breytingum. „Þessi stóraukna ferðaþjónusta og gjaldeyristekjur sem koma með henni. Fólk er að koma hingað til að skoða þetta land okkar. Það auðvitað endurspeglar þau viðhorf sem eru í gangi," segir Lilja og bætir við að pólitíkin sem rædd er við eldhúsborðið heima hjá henni, við börnin hennar tvö, séu umhverfismál.

Helgi segist sammála því að stefna eigi að því að Ísland verði kolefnishlutlaust 2040. „Svo hafa Píratar það líka á stefnuskránni að rafbílavæða Ísland. Við erum þeirrar skoðunar að framtíðin þurfi að gera ráð fyrir rafmagni og þótt bílaflotinn sé svo sem ekkert mesta ástæða loftslagsbreytinga er svo mikilvægt að innviðirnir geri ráð fyrir þessu og sú þróun haldi áfram."

**olof@frettabladid.is**
**jonhakon@frettabladid.is**






**Hyundai i20 var valinn best hannaði nýi bíllinn** í sínum flokki af Red Dot Award. Breiðari og lengri yfirbygging gefur aukið rými og þægindi fyrir ökumann og farþega og nýr framendi i20 er einkennandi fyrir nýju gerðirnar frá Hyundai.

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

HYUNDAI

Dísilvél 1,1 lítrar, eldsneytisnotkun 3,6 l/100 km* / Bensínvél 1,2 lítrar, eldsneytisnotkun 5,1 l/100 km* eða bensínvél 1,4 lítrar, eldsneytisnotkun 6,7 l/100 km*.

ENNEMM / SÍA / NM84517 * Eldsneytisnotkun miðast við uppgefnar tölur frá framleiðanda í blönduðum akstri.

# Rétti tíminn



**Hörður Ægisson**
hordur@frettabladid.is

Það er nánast sama hvert er litið. Fjárfesting í helstu innviðum landsins, hvort sem um er að ræða í vegagerð, orkuflutningum, fasteignum í eigu ríkisins, höfnum eða flugvöllum, hefur núna um árabil verið langtum minni en nauðsynlegt getur talist. Þannig er fjárfesting hins opinbera í samfélagsinnviðum í dag um helmingi minni sem hlutfall af landsframleiðslu en hún hefur verið sögulega séð. Þetta er ekki hvað síst áhyggjuefni fyrir þær sakir að öflugir innviðir haldast í hendur við samkeppnishæfni hverrar þjóðar. Ísland er þar engin undantekning.

Skýrsla sem Samtök iðnaðarins kynntu í síðustu viku sýnir glöggt mikilvægi þess að stjórnvöld marki sér heildstæða stefnu til lengri tíma um innviðauppbyggingu. Í skýrslunni kemur meðal annars fram að uppsöfnuð viðhaldsþörf innviða er um 372 milljarðar króna, eða sem nemur rúmlega 15 prósentum af áætlaðri landsframleiðslu Íslands á þessu ári. Þar munar mest um 110 til 130 milljarða uppsafnaða fjárfestingarþörf í vegakerfinu. Á sama tíma og umferð hefur aukist stórlega á síðustu árum, einkum og sér lagi vegna fjölgunar ferðamanna, þá hefur fjárfesting í vegasamgöngum ekki verið minni frá því undir lok síðustu aldar. Þetta er verulegt áhyggjuefni.

Hvað er til ráða? Öllum má vera ljóst að ríkissjóður, sem er rekinn með aðeins rúmlega eins prósents afgangi á toppi hagsveiflunnar, hefur ekki bolmagn til að sinna allri fjárfestingarþörf í innviðum. Aðkoma lífeyrissjóða og annarra fagfjárfesta, innlendra sem og erlendra, er þess vegna í senn nauðsynleg og æskileg. Ólíkt því sem þekkist í nágrannaríkjum okkar eru nánast allir innviðir landsins í eigu ríkisins eða sveitarfélaga. Þetta þarf að breytast. Pólitískar kreddur sumra stjórnmálaflokka þurfa í þessum efnum að víkja fyrir bláköldum staðreyndum.

Bjarni Benediktsson forsætisráðherra benti réttilega á það í vikunni að ein leið fyrir stjórnvöld væri að losa um hið mikla eigið fé í bönkunum og greiða út til ríkissjóðs, sem eiganda að stórum hluta bankakerfisins, og nýta að hluta til fjárfestingar og innviðauppbyggingar. Með þessu móti væri hægt að minnka efnahagsreikning bankanna um að lágmarki tugi milljarða og um leið gera ríkinu auðveldara um vik í framhaldinu að selja eignarhluti sína á hinum örsmáa íslenska markaði. Ekki er ástæða til að hafa áhyggjur af eiginfjárstöðu viðskiptabankanna þrátt fyrir slíkar ráðstafanir. Þeir yrðu eftir sem áður einir best fjármögnuðu bankar í Evrópu með yfir tuttugu prósenta eiginfjárhlutfall.

Fæstir stjórnmálamenn gera sér grein fyrir þeim fórnarkostnaði sem fylgir því fyrir ríkið að vera með nærri 500 milljarða bundna sem eigið fé í bönkunum. Arðsemi af reglulegum rekstri þeirra var rétt yfir sex prósent í fyrra sem er litlu meiri ávöxtun en fjárfesting í áhættulausum ríkisskuldabréfum. Skattgreiðendur eiga kröfu um að þessum fjármunum verði ráðstafað með skynsamlegri hætti, meðal annars í því skyni að efla innviði landsins og þannig skapa grunn að hagvexti framtíðarinnar. Skýr merki eru um að farið sé að hægja á vexti hagkerfisins og því eru að skapast efnahagslegar aðstæður – fyrir ríkið og einkaaðila – til að ráðast í umfangsmiklar fjárfestingar í innviðum á komandi árum. Tækifærið er núna.

**Pólitískar kreddur sumra stjórnmálaflokka þurfa að víkja fyrir bláköldum staðreyndum.**

Smærri viðgerðir

Hraðþjónusta HEKLU.
Hringdu í 590 50 30 eða renndu við.
Hekla.is

HEKLA

## Halldór




## Frá degi til dags

**Álagið**

**Það er fagnaðarefni að borgarstjóri hafi lagt fram tillögu í borgarráði til þess að takast á við manneklu á leikskólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum Reykjavíkurborgar. Hins vegar er eðlilegt að spyrja hvort nógu langt sé gengið. Ein tillagan felur í sér eingreiðslu til allra yfirmanna fyrrgreindra stofnana vegna mikils álags. Þetta er þarft framtak, en vitaskuld hafa almennir starfsmenn á starfsstöðvunum líka tekið á sig aukaálag vegna manneklu. Eiga þeir alveg að gleymast?**

**Vinsældirnar**

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson var gestur í Kosningaspjalli Vísis í gær. Þar barst talið að stöðunni í kosningabaráttunni. Ekki var annað að heyra á Sigmundi Davíð en að hann væri ánægður með fylgi flokks síns, sem er rétt undir 10 prósentum. „Ég verð að viðurkenna að þetta er betra en ég þorði að vona á þessum tímapunkti. Og við eigum eftir að kynna kosningaáherslur okkar og meirihluta listanna sem eru í framboði hjá okkur," sagði Sigmundur. Í ljósi þessara ábendinga er kannski eðlilegt að menn spyrji sig hvort fylgi flokka þessa dagana sé að ráðast af einhverju allt öðru en málefnalegri stöðu flokkanna.**

jonhakon@frettabladid.is

# Þjóðarsátt um kjör kvennastétta

2017



**Þorsteinn Víglundsson**
félags- og jafnréttismálaráðherra

Kynbundinn launamunur er staðreynd á íslenskum vinnumarkaði. Konur hafa að meðaltali 13% lægri laun en karlar. Óútskýrður launamunur er 5,7%. Í síðustu kosningabaráttu lagði Viðreisn áherslu á lögbindingu jafnlaunavottunar og Alþingi samþykkti þann 1. júní lög þess efnis. Hin hliðin á kynbundnum launum er sá launamunur sem telst útskýrður og enn stendur í tæpum 8%. Helsta skýringin er að vinnumarkaðurinn er kynbundinn, þar sem fjölmennar kvennastéttir fá greidd lægri laun en fjölmennar karlastéttir.

Þessar hefðbundnu kvennastéttir vinna störf sem við erum öll sammála um að gegna mikilvægu hlutverki í samfélaginu. Tilraunir hafa verið gerðar til að taka á vandanum með sértækum leiðréttingum einstakra starfsstétta. Þær hafa undantekningalítið orðið grunnur að almennum launakröfum á vinnumarkaði og hafa því litlum árangri skilað. Sé vilji til að taka á þessum vanda þarf sameiginlega aðkomu hins opinbera sem launagreiðanda og allra stéttarfélaga, á hinum almenna og opinbera vinnumarkaði. Meta þarf umfang þessa launamunar og hvernig honum verði eytt, án þess að það leiði til hefðbundinna víxlhækkana launa.

Verkalýðshreyfingin verður þar að vera samstiga um að þessar sértæku hækkanir verði ekki grunnur að launakröfum annarra stétta. Ríki og sveitarfélög þurfa að taka höndum saman um að fjármagna skuli þessar lagfæringar. Hlutverk stjórnmálanna verður að leiða þetta samtal. Þar verður ekki framhjá því litið að hið opinbera ber ábyrgð sem launagreiðandi margra þessara stétta. Það er nefnilega ekki lögmál að svona þurfi staðan að vera.

Viðreisn kom jafnlaunavottun á dagskrá stjórnmálanna fyrir ári. Við viljum nú beina kastljósinu að kjörum kvennastétta. Þetta óréttlæti hefur afleiðingar sem samfélagið finnur fyrir. Það er viðvarandi vandamál að manna stöður í leikskólum, skólum og á heilbrigðisstofnunum. Uppbygging þessara grunnstoða verður að fara saman við átak í kjaramálum þessara hópa. Viðreisn telur þetta mál vera næsta stóra skrefið í að eyða kynbundnum launamun á íslenskum vinnumarkaði. Og fyrir þessu ætlum við að beita okkur.

**Meta þarf umfang þessa launamunar og hvernig honum verði eytt, án þess að það leiði til hefðbundinna víxlhækkana launa.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Heita kartaflan

**Í DAG**



Bergur Ebbi

Vantraust á stjórnvöld er ekki í rénun. Vantraustið er ekki tískusveifla eða bundið við eftirmál efnahagshruns. Það er stærra og það hefur að gera með aðgengi að upplýsingum, nýjan valdastrúktúr og grynnri en hraðari boðleiðir hugmynda. Í sem mestri einföldun má segja að almenningur sé valdameiri en áður. Jafnvel svo valdamikill að það valdi kvíða.

Við lifum í samfélagi þar sem fólk tístir á forsætisráðherra þjóðarinnar um random málefni í 140 stafbilum og lætur í sér heyra ef það fær ekki svar á næstu þremur klukkustundum – og fær jafnvel trylling sinn bergmálaðan í fjölmiðlum næstu daga á eftir – fjölmiðlum sem sumir hafa í eðli sínu enga sérstaka framtíðarsýn eða skilning á stærri undiröldum samfélagsins. En þær öldur eru samt hverjum manni augljósar sem vill kanna þær: við erum öll einum gagnaleka frá tortímingu – eða, svo ég minnki aðeins dramatíkina: ein hugsun slegin inn í vitlaust box á tölvuskjá getur fellt heilu stjórnmálaöflin.

Og auðvitað er stjórnmálafólk að sligast undan þessu. Þegar starfandi forsætisráðherra varar við að róttækni sé í kortunum hljómar það eins og hann hati ekki þann lúxus að fá að stíga á hliðarlínuna um stund og máta leiðtogasætið við aðra en sjálfan sig, enda er forsætisráðherrastóllinn vissulega brennheitur staður til að vera á. Það er ekkert gaman að „ver'ann“. Að leiða þann óskapnað sem stjórnmálastéttin er, að smala þessum köttum, að hræra í þessum kekkjótta graut og bera á borð súpu sem er öllum að skapi. Nema reyndar ef maður er sósíópati, þá elskar maður að bera á borð súpu og fylgjast með fólki fá hæga matareitrun.

En sé maður sæmilega vandvirkur þá er erfitt að vera leiðtogi. Hvernig leiðtogi er hægt að vera í samfélagi stöðugs paniks og þórðargleði? Hinn fullkomni leiðtogi er manneskja sem er sensitíf og ber sig eftir að hlusta á þá sem minna mega sín og talar þeirra máli. Hinn fullkomni leiðtogi þarf að vera vingjarnlegur í fjölmiðlum, svara Facebook-póstum og Twitter-meldingum, sama hversu smásmugulegt tilefnið er. Hinn fullkomni leiðtogi getur þó ekki aðeins talað fyrir jaðarhópana. Hann þarf einnig að lifa í sama hrærigraut og millistéttin og skutla börnum sínum í frístundir eða plana steggjunar- og gæsaveislur í flóknum Facebookhópum. Annars skilur hann ekki samborgara sína. Þó þarf hinn fullkomni leiðtogi að vera meira en meðalmenni. Hinn fullkomni leiðtogi er manneskja sem er hörð, helst agressív og miskunnarlaus gagnvart svívirðilegum hagsmunahópum, innan lands sem utan. En ofan á allt þetta má hinn fullkomni leiðtogi ekki vera of grimmur því það er ekki dyggðugt og hinn fullkomni leiðtogi er siðferðislega fyrirmynd sem eldar rétt, flokkar rusl, þar með talið allt nýjasta rappið sem hann sorterar samviskusamlega niður í playlista á Spotify-aðgangi sínum og þykist svo fíla.

Er þetta eitthvað mál? Eða vill kannski enginn vera leiðtogi? Leiðtogi pírata „mun gegna hlutverki ígildis formanns“ samkvæmt frétt Vísis. *Hlutverk ígildis formanns?* Er til passívara orðalag? Ef þetta orðalag væri dýr þá væri það snigill, kirfilega inni í skel sinni, lokaður inni í helli. Og þó að það hljómi ekki eins og leiðtogahæfni þá er það kannski framúrstefnuleg leið til að sverfa egóið. Að búa til filter, aftengja sig frá því sem áður þótti eftirsótt. Því við lifum á tímum þar sem við getum aldrei komist yfir allt, melt allt, skilið allt, vitað allt – og kannski eru mestu leiðtogarnir þeir sem allavega viðurkenna það. Að stjórna landinu er ekki lengur bara hagstjórn – að ganga á milli Húss verslunarinnar, Stjórnarráðsins og Bændahallarinnar í kaldastríðsfrakka með stresstösku og bjóða góðan daginn. Nú eru alls konar önnur mál komin inn á borð leiðtogans – málefni hinsegin fólks, kynferðisofbeldi, afbakaðar staðreyndir, gagnalekar, breytt viðhorf nýrra kynslóða sem aldar eru upp við skutl og einbeitingarlyf og fleiri og fleiri þættir sem er hreinlega erfitt að skilja í heild sinni hvort sem þú ert jaðarsettur eða millistéttarplebbi eða forréttindapési.

Og já. Þetta er sjóðheit kartafla. Svo heit að í þessum októbermánuði eru margir að missa kúlið. Þegar allir eru með tuttugu spjall-glugga opna er ekki skrítið þó það verði hjaðningavíg. Því við erum öll fólk, og flest með taugakerfi sem þolir ekki endalaust álag. Þó það nú væri. Það vill enginn ver'ann í þessum eltingaleik. Það vilja allir standa á hliðarlínunni og segja na-na-na-bú-bú. Og hliðarlínan er stór: Heil þjóð á samfélagsmiðlum, ullandi og frussandi. *En það verður engin máltíð nema kartöflurnar fái að hitna,* svo endað sé á heimagerðu súdó-intellectual orðatiltæki af þeirri sort sem dugaði stjórnmálamönnum einu sinni.





# ICELANDAIR HÓTEL UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

## Náttúran er dýrmæt auðlind

Íslensk náttúra og umhverfi er það sem hundruð þúsunda gesta Icelandair hótela koma til að njóta og upplifa. Virk umhverfisstefna er því einn af grunnþáttum starfsemi okkar. Hjá okkur starfar umhverfisstjóri í fullu starfi við að innleiða umhverfisstjórnunarkerfi og framfylgja stefnu um sjálfbærni og umhverfisstaðla hjá fyrirtækinu.

**Hvernig náum við árangri?**
Við vöktum mánaðarlega notkun á rafmagni, vatni og flokkun á sorpi. Við förum vel með rafmagn, til dæmis með því að stilla hitastig í öllum rýmum og slökkva ljós þegar þeirra er ekki þörf. Við förum sparlega með heita og kalda vatnið og hvetjum gesti okkar til að nota handklæðin sín oftar en einu sinni og gerum það eftirsóknarvert fyrir þá að afþakka óþörf herbergisþrif.




**Við skilum til baka**
Allur úrgangur frá eldhúsum, herbergjum og skrifstofum er flokkaður eins og kostur er. Spilliefnum er fargað hjá viðeigandi þjónustuaðilum. Notkun hreinsiefna er stillt í hóf og við notum umhverfisvottuð efni, pappír og birgja eins og frekast er unnt.

**Stolt umhverfisfyrirtæki ársins**
Við þökkum Samtökum atvinnulífsins fyrir þessa viðurkenningu og óskum stjórnendum, starfsfólki og gestum Icelandair hótela til hamingju með glæsilegan árangur og faglega vinnu í þessum mikilvæga málaflokki.

Icelandair Hotels
www.icelandairhotels.com

## Fyrsta konan sem dæmir leik í efstu deild karla í körfubolta á Íslandi



Langömmubarn eiginkonu fyrsta forseta Íslands endurskrifaði körfuboltasöguna þegar Georgía Olga Kristiansen dæmdi í gær æsispennandi leik Vals og Tindastóls í Domino's deild karla en aldrei áður hefur kona dæmt í efstu deild karla í körfubolta. Á myndinni fylgist Georgía vel með í leiknum í gær. Georgía heitir í höfuðið á langömmu sinni, Georgíu Björnsson, konu Sveins Björnssonar fyrsta forseta íslenska lýðveldisins. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

### Nýjast

**Domino's-deild karla í körfubolta**

**Valur - Tindastóll 69-73**
**Stigahæstir:** Austin Magnus Bracey 16, Illugi Steingrímsson 14, Sigurður Dagur Sturluson 13, Oddur Birnir Pétursson 9, Urald King 9 (10 frák.) - Antonio Hester 31 (13 frák.), S. Arnar Björnsson 15, Axel Kárason 10.

**Grindavík - Haukar 90-80**
**Stigahæstir:** Ingvi Þór Guðmundsson 18, Rashad Whack 16, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 11, Þorsteinn Finnbogason 10 - Emil Barja 19, Paul Anthony Jones III 15, Finnur Atli Magnússon 12 (9 frák.), Kristján Leifur Sverrisson 10 (11 frák.).

**ÍR - Höttur 88-64**
**Stigahæstir:** Matthías Orri Sigurðarson 18 (9 frák./9 stoðs.), Ryan Taylor 15, Danero Thomas 14 (10 frák.) - Mirko Virijevic 15, Sigmar Hákonarson 12, Andrée Fares Michelsson 10, Aaron Moss 9.

**Þór Þorl. - Njarðvík 74-78**
**Stigahæstir:** Jesse Pellot-Rosa 23/8 fráköst, Snorri Hrafnkelsson 15, Emil Karel Einarsson 14 (10 frák.) - Terrell Vinson 30/4 fráköst, Maciek Baginski 13, Ragnar Ágúst Nathanaelsson 11 (11 frák.).

**Domino's-deild kvenna í körfubolta**

**Njarðvík - Stjarnan 55-90**
**Stigahæstar:** Hrund Skúladóttir 14, Hulda Bergsteinsdóttir 7, Karen Dögg Vilhjálmsdóttir 7 - Danielle Victoria Rodriguez 22 (13 frák./8 stoðs./7 stolnir), Ragna Margrét Brynjarsdóttir 17, Bryndís Hreinsdóttir 15.

**Stig liðanna**

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Haukar | 6 | Keflavík | 2 |
| Valur | 6 | Snæfell | 2 |
| Stjarnan | 4 | Breiðablik | 2 |
| Skallagrímur | 2 | Njarðvík | 0 |

# Tókst gríðarlega vel að byrja upp á nýtt

**Freyr Alexandersson, landsliðsþjálfari kvenna í fótbolta, viðurkennir að því hafi fylgt tilfinningaflóð að koma stelpunum okkar aftur í gang eftir vonbrigðin á EM. Það tókst vel með stórsigri á Færeyjum en nú á liðið tvo erfiðustu útileikina fyrir höndum í einni ferð.**

**FÓTBOLTI** Stelpurnar okkar í íslenska kvennalandsliðinu í fótbolta halda áfram för sinni í átt að heimsmeistaramótinu í fótbolta í næstu viku þegar þær mæta Þýskalandi og svo Tékklandi á útivelli í undankeppni HM 2018.

Þetta verða tveir erfiðustu útileikir íslenska liðsins en Þýskaland ætti, ef allt er eðlilegt, ekki að tapa svo miklu sem einu stigi í þessum riðli og þannig komast á HM. Tékkland sýndi aftur á móti með aðeins 1-0 tapi gegn þeim þýsku í það er mikið spunnið í það lið og það stelpurnar okkar þurfa að passa sig á þeim tékknesku.

„Það er möguleiki að vinna Þýskaland eins og það er alltaf möguleiki í íþróttum. Við vorum nú bara að sýna það hérna síðast á mánudaginn að það er allt hægt í þessu. Verkefnið er samt gríðarlega erfitt. Við þurfum að hitta á okkar besta dag og við þurfum að halda í grunngildin okkar og ná aðeins að ýta á veikleika þeirra til þess að þetta gangi upp, ég geri mér grein fyrir því. En maður er alltaf jafn borubrattur og leggur upp leikina með það að markmiði að vinna þá," segir Freyr Alexandersson landsliðsþjálfari.

### Erfitt að byrja aftur

Stelpurnar okkar náðu ekki tilsettum árangri á EM í sumar þar sem þær töpuðu öllum leikjunum og skoruðu aðeins eitt mark. Vonbrigðin voru mikil með úrslitin og því var ekki svo einfalt að „restarta" öllu fyrir leikinn á móti Færeyjum. Það gekk þó mjög vel enda rústaði liðið litla frænda, 8-0.

„Síðasta verkefni var mjög flókið. Andstæðingurinn var ekkert sérstaklega sterkur og mikil óvissa í kringum það. Það fór mikil orka í EM. Það var erfitt að fara af stað eftir EM því við vorum svekkt með niðurstöðuna en ánægð með það sem við lögðum í verkefnið. Það var því mikið af tilfinningum og í raun tilfinningarússíbani. Við þurftum bara að byrja upp á nýtt og mér fannst það takast gríðarlega vel. Æfingarnar voru góðar og einbeiting góð. Ég var gríðarlega ánægður með leikmennina í því verkefni," segir Freyr.

> Það var því mikið af tilfinningum og í raun tilfinningarússíbani. Við þurftum að byrja upp á nýtt.
>
> Freyr Alexandersson



### Fleiri atvinnumenn

Eftir Evrópumótið fóru tveir leikmenn íslenska liðsins, Blikarnir Fanndís Friðriksdóttir og Berglind Björg Þorvaldsdóttir, í atvinnumennsku. Er þetta eitthvað sem Freyr hvetur stelpurnar til að gera núna þegar hættan er ekki jafnmikil á að spila ekki eða lenda í vandræðum um þar sem það er ekki stórmót á næsta ári?

„Ég er ekki beint að ýta þeim út en þær þurfa að skoða hvað er í boði fyrir þær. Það er stöðugt verið að hræra í þeim og það er misjafnlega gáfulegt. Ég veiti þeim þær upplýsingar sem þær þurfa og það sama geri ég fyrir félögin. Ég hef meiri upplýsingar en aðrir en ég vonast til að fleiri leikmenn fái tækifæri í bestu liðum og bestu deildum í heimi," segir Freyr sem hefur trú á góðum úrslitum gegn Þýskalandi.

„Öll lið hafa sína veikleika og ef ég gat fundið veikleika á Úkraínu og Tyrklandi fyrir strákana ætti ég að geta fundið þá hjá Þýskalandi. Ég mun deila þeim hugmyndum betur þegar að því kemur," segir Freyr Alexandersson.

### Hópurinn hjá Frey

**Markverðir:**
**Guðbjörg Gunnarsdóttir** (Djurgården)
**Sandra Sigurðardóttir** (Valur)
**Sonný Lára Þráinsdóttir** (Breiðablik)

**Varnarmenn:**
**Anna Björk Kristjánsdóttir** (LB07)
**Rakel Hönnudóttir** (Breiðablik)
**Glódís Perla Viggósdóttir** (Rosengård)
**Hallbera Guðný Gísladóttir** (Djurgården)
**Sif Atladóttir** (Kristianstad)
**Ingibjörg Sigurðardóttir** (Breiðablik)

**Miðjumenn:**
**Sara Björk Gunnarsdóttir** (Wolfsburg)
**Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir** (Vålerenga)
**Sigríður Lára Garðarsdóttir** (ÍBV)
**Dagný Brynjarsdóttir** (Portland Thorns)
**Sandra María Jessen** (Þór/KA)
**Selma Sól Magnúsdóttir** (Breiðablik)

**Sóknarmenn:**
**Fanndís Friðriksdóttir** (Marseille)
**Agla María Albertsdóttir** (Stjarnan)
**Berglind Björg Þorvaldsdóttir** (Verona)
**Elín Metta Jensen** (Valur)
**Katrín Ásbjörnsdóttir** (Stjarnan)






# Jörðin er náungi þinn!

Ráðstefna Alkirkjuráðsins um réttlátan frið við jörðina er nú haldin í Digraneskirkju í Kópavogi og á Þingvöllum. Þar er spurt hvernig trúarsamfélög geti fengið fólk til að taka þátt í þeirri umbreytingu sem vísindamenn og Parísar-samningurinn frá 2015 telja að sé nauðsynleg til þess að sporna við ofhlýnun jarðar. Spurt er hvort siðfræði samfélaga frumbyggja geti vísað veginn og hvernig hægt sé að koma til bjargar eyjasamfélögum í Kyrrahafi og Atlantshafi sem er ógnað af hækkandi sjávarstöðu vegna bráðnunar íss á pólsvæðum.

## Sunnudagur 15. október

Í tilefni af ráðstefnunni og þátttöku fulltrúa Alkirkjuráðsins í Hringborði norðurslóða **– Arctic Circle Assembly** munu prestar sem getið hafa sér orðs fyrir framlag sitt til umhverfismála prédika í 6 kirkjum á höfuðborgarsvæðinu **kl. 11** næstkomandi **sunnudag, 15. október**. „Græni patríarkinn“, andlegur leiðtogi 300 milljóna manna í Rétttrúnaðarkirkjunni, mun einnig vera í forsæti sérstakrar messu á hennar vegum að morgni sunnudags í Hallgrímskirkju.



**Hallgrímskirkja kl. 09:30**
Messa undir forsæti Hans heilagleika, samkirkjulega patríarkans í Konstantínóbel, **Barthólómeus I.** á vegum Rétttrúnaðarkirkjunnar. Messan er öllum opin. Prédikun verður flutt á ensku.





**Hallgrímskirkja kl. 11:00**
Samkirkjuleg guðþjónusta á vegum Samstarfsnefndar kristinna trúfélaga á Íslandi.
Prédikun: **Peter Loy Chong**, erkibiskup kaþólskra á Fiji-eyjum.
**Agnes M. Sigurðardóttir** biskup Íslands flytur blessun.
Patríarkinn **Barthólemeus I** mælir lokaorð. Fulltrúar Alkirkju-ráðsins og kristinna trúfélaga á Íslandi lesa ritningartexta og bænir.
Prestar: Séra Sigurður Árni Þórðarson og séra Irma Sjöfn Óskarsdóttir.



**Dómkirkjan kl. 11:00**
Prédikun: **Séra Einar Tjelle**, aðstoðarframkvæmdastjóri Samkirkju- og alþjóðaráðs norsku kirkjunnar.
Séra Sveinn Valgeirsson þjónar fyrir altari.



**Háteigskirkja kl. 11:00**
Prédikun: **Dr. Pauliina Kainulainen**, prestur og umhverfisguðfræðingur í Norður- Finnlandi.
Séra Eiríkur Jóhannsson þjónar fyrir altari.



**Grensáskirkja kl. 11:00**
Prédikun: **Séra Karen Kuhnert**, þekkt baráttukona fyrir réttindum frumbyggja í Kanada.
Séra María Ágústsdóttir þjónar fyrir altari.



**Seltjarnarneskirkja kl. 11:00**
Prédikun: Séra **Keld Balmer Hansen**, "grænn"- prestur og prófastur á Fjóni í Danmörku.
Séra Bjarni Þór Bjarnason þjónar fyrir altari.



**Digraneskirkja kl. 11:00**
Prédikun: **Dr. Rodney Petersen**, rannsóknarprófessor á guðfræðisviði Bostonháskóla í Bandaríkjunum.
Séra Gunnar Sigurjónsson þjónar fyrir altari.

OIKOUMENE
World Council of Churches

ÞJÓÐKIRKJAN

**Alkirkjuráðið** er vettvangur 348 aðildarkirkna sem hafa innan sinna vébanda um 500 milljónir manna. Ráðinu tilheyra meðal annarra kirkjur evangelísk lúterskra, anglikana, babtista, methódista, Hvítasunnumanna og flestra kirkna rétttrúnaðarfólks, orthodoxa. Alkirkjuráðið hefur nú um þriggja áratuga skeið látið sig loftslagsmál varða.

## Merkisatburðir

**1857** Bankahrun verður í New York. Bönkunum er lokað og þeir ekki opnaðir aftur fyrr en 12. desember.

**1972** Andesflugslysið: Flugvél sem flutti ruðningslið frá Úrúgvæ til Chile hrapar í Andesfjöllum.

**1975** 5.000 Maórar ganga til Wellington til að krefjast þess að fá land sitt aftur.

**1987** Kýrin Harpa syndir yfir Önundarfjörð frá Flateyri að Kirkjubóli í Valþjófsdal á flótta þegar leiða á hana til slátrunar. Eftir sundafrekið er hún nefnd Sæunn og fær að lifa lengur.

**1992** Haukur Morthens söngvari deyr 68 ára, eftir nær hálfrar aldar söngferil.

**1994** Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar eru veitt í fyrsta sinn og hlýtur þau Helgi Ingólfsson.

**1996** Strandarkirkja er endurvígð eftir endurbætur.

**2000** Starfsgreinasamband Íslands er stofnað.

# Fóstbræður fyrst á dagskrá fyrir 20 árum

**Goðsagnakenndi grínþátturinn Fóstbræður var fyrst sýndur á þessum degi fyrir 20 árum. Enn í dag má reglulega heyra fólk vitna í Fóstbræður og virðast margir karakteranna og brandaranna úr þáttunum hafa markað djúp spor í þjóðarsálina.**

Fóstbræður eru líklega ein áhrifamesta gamansería sem hefur verið á dagskrá í íslensku sjónvarpi. Enn þann dag í dag má heyra fólk tala um hinn eða þennan sem Indriða og ekki er langt síðan á markað var settur sérstakur Indriða-hnappur, en á hann geta menn ýtt ef þeir þurfa að kvarta yfir einhverju en vilja frekar láta Indriða sjá um það. Hnappurinn spilar frasa hins eftirminnilega Indriða um leið og á hann er ýtt.

Fóstbræður urðu upphaflega til á Stöð 3 en þátturinn var síðan sýndur á Stöð 2, en hann gekk frá árinu 1997 til ársins 2001. Upphaflegir meðlimir Fóstbræðra voru Jón Gnarr, Sigurjón Kjartansson, Helga Braga Jónsdóttir, Hilmir Snær Guðnason og Benedikt Erlingsson. Hilmir Snær yfirgaf Fóstbræður eftir fyrstu seríuna og í hans stað kom Þorsteinn Guðmundsson. Síðar meir, eða í þriðju seríu, kom Gunnar Jónsson inn í hópinn.

Þrátt fyrir að síðasta sería Fóstbræðra hafi verið sýnd árið 2001 virðast Fóstbræður enn lifa góðu lífi. Það er líklega að þakka stöðugum endursýningum þáttanna í gegnum árin sem og endurútgáfu þeirra á DVD-diskum árið 2007 – en ansi margir fengu Fóstbræður á mynddisk í jólagjöf það árið.

Það er til margt vitlausara en að eyða þessu föstudagskvöldi í að endurnýja kynnin við Mogo Jacket, Indriða, sjómanninn, steraboltana, persónulega trúbadorinn Helga, Særingamanninn, Tomma Kung Fu, Gyðu Sól og svo væri hægt að halda endalaust áfram.

Þættirnir slógu ekki aðeins í gegn hjá áhorfendum heldur hrifsuðu einnig til sín verðlaun. Þátturinn var valinn leikið sjónvarpsefni ársins árið 1999 á Edduverðlaunahátíðinni og árið eftir var hann valinn skemmtiþáttur ársins.

Þá hlaut Jón Gnarr verðlaun sem leikari ársins í aðalhlutverki fyrir frammistöðu sína í þáttunum árið 2001 en það ár var Ragnar Bragason einnig tilnefndur sem leikstjóri ársins fyrir Fóstbræður.

stefanthor@frettabladid.is



Flestir Íslendingar ættu að kunna textann við Dangerous Girl með Mogo Jacket.



Í Fóstbræðrum má finna nokkra lífseigustu karaktera og frasa í mennINGarsögu Íslands.

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Guðmunda Davíðsdóttir**

andaðist á hjúkrunarheimilinu Eir 28. september 2017. Útförin fer fram í kyrrþey.

**Elínborg Einarsdóttir** | **Karl S. Hallgrímsson**
**Matthías Einarsson** | **Aðalheiður Magnúsdóttir**
**Guðmundur Einarsson**
**Hrefna Einarsdóttir**
**Halla Eiríksdóttir** | **Sigvaldi Ragnarsson**
**Davíð Pálsson** | **Sigrún Ágústsdóttir**
**Páll S. Pálsson** | **Hildur Gunnarsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Benedikt Sigurðsson**

lyfjafræðingur,

lést miðvikudaginn 11. október á líknardeild Landspítalans. Útför verður auglýst síðar.

**Heiðrún Þorgeirsdóttir**
**Jón Benediktsson**
**Rafn Benediktsson** | **Hildur Kristjánsdóttir**
**Halla Benediktsdóttir** | **Hafsteinn Lárusson**
**Sigurður Benediktsson**
**og barnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Valgerður Ármannsdóttir**

Hvassaleiti 56, Reykjavík, áður til heimilis að Móavegi 9, Njarðvík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir sunnudaginn 8. október 2017. Útförin fer fram frá Áskirkju, föstudaginn 20. október kl. 13.00.

**Kristberg Kristbergsson** | **Guðrún Marteinsdóttir**
**Guðjón Ólafur Kristbergsson** | **Berglind Friðþjófsdóttir**
**Ásta Kristbergsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Stefán Árni Sigurðsson**

Vallarbraut 6, Reykjanesbæ,

lést mánudaginn 9. október á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Hann verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 17. október nk. kl. 13. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á D-deild Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.

**Þórunn Gíslína Þórarinsdóttir**
**Sigurþór Stefánsson** | **Elsa Pálsdóttir**
**Unnar Sveinn Stefánsson** | **María I. G. Fisher**
**Una Kristín Stefánsdóttir** | **Trausti Már Hafsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Móðir okkar,

**Hrefna Thorsteinsson**

lést 23. september. Jarðarför hefur farið fram í kyrrþey.

**Jenny Einarsdóttir**
**Ágúst Einarsson**
**Rannveig Einarsdóttir**
**Ragnar Einarsson**
**tengdabörn og barnabörn.**

---



Ástkæra móðir okkar, amma og langamma,

**Þorbjörg Ragnarsdóttir**

frá Ytra-Álandi, Þistilfirði,

lést á Hrafnistu 27. september. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og vináttu.

**Ásrún og Sveinn Logi**

---



Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Kristinn Breiðfjörð Eiríksson**

Árskógum 6, Reykjavík,

lést mánudaginn 9. október á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Jarðsungið verður frá Árbæjarkirkju mánudaginn 16. október kl. 13.

**Sigurlaug Sigurfinnsdóttir**
**Kristín Breiðfjörð Kristinsd.** | **Ársæll Már Gunnarsson**
**Kristinn Már Ársælsson** | **Sólveig Alda Halldórsdóttir**
**Birgir Smári Ársælsson** | **Sesselía Dögg Kristleifsd.**
**Gunnlaugur Helgi Ársælsson** | **Eydís Ólafsdóttir**
**og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Sigurður Hólm Þorsteinsson**

málarameistari, áður Dalseli 17,

lést í faðmi ástvina á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund, þriðjudaginn 10. október.

**Erna Sigurbaldursdóttir**
**Hólmfríður S. Sigurðardóttir** | **Ragnar Stefánsson**
**Pétur Örn Sigurðsson**
**Sigurður Örn Ragnarsson** | **Helena Ríkey Leifsdóttir**
**Stefán Orri Ragnarsson**
**Davíð Fannar Ragnarsson**

# Fólk
Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 13. OKTÓBER 2017



Krabbameinsgreining náins aðstandanda hefur djúp áhrif á barn. Nú þykir eðlilegt að upplýsa í stað þess að hlífa börnum við erfiðum upplýsingum. →4



# Gamanið smitar frá sér

**Særós Mist Hrannarsdóttir saumaði, sýndi og seldi fyrstu fatalínuna sína síðasta árið í grunnskóla. Nú býr hún, nemur og starfar í Kaupmannahöfn, meðal annars fyrir hið þekkta tískufyrirtæki Monki.** →2

Særós Mist Hrannarsdóttir í eigin hönnun sem hún segir kvenlega og listræna. MYND/STEFÁN FREDERIKSSON



Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@365.is



Framhald af forsíðu ➪

„Það eru ekki allir fimmtán ára krakkar sem geta státað af því að hafa haldið heila tískusýningu en það mun Særós Mist Hrannarsdóttir gera í dag. Sýningin fer fram í Hinu húsinu og opnar húsið klukkan tvö.“ Þannig hefst frétt á Vísi frá 21. júlí 2007 af ungum tískuhönnuði sem hafði nýlokið við að hanna 21 alklæðnað. Nú, tíu árum síðar, býr Særós og hannar í Kaupmannahöfn undir merkinu Pale Mist.

Hún segir að áhuginn á tískuhönnun hafi vaknað gegnum sköpunargleðina sjálfa. „Ég hef alltaf teiknað, málað og almennt föndrað mikið síðan ég var lítil. Seinna meir þróuðust myndirnar yfir í að vera skissur af flíkum og ég fór hægt og rólega að fikta við að breyta þessum hugmyndum í raunverulegar flíkur.“ Hún viðurkennir að eiga í flóknu sambandi við tískuheiminn. „Það er svo mikið í tískuheiminum og textílbransanum í dag sem hefur slæm áhrif á umhverfi og fólk um allan heim. En það mun alltaf vera þörf fyrir föt og þá er bara spurning um að vinna með tísku á sem bestan hátt og eins siðlega og hægt er.“

Eins og áður sagði eru tíu ár síðan Særós tók fyrstu saumsporin, þá aðeins fimmtán ára. „Á þeim tíma hafði ég enga reynslu í saumaskap eða hönnun, enda lærði ég virkilega mikið á því að prufa mig áfram með saumavélina. Eftir grunnskóla tók ég eitt ár á handverks- og hönnunarlínu við lýðháskóla í Danmörku og þar saumaði ég nýja fatalínu, Collection Fall, samhliða náminu og hélt tískusýningu um vorið. Eftir að ég kláraði stúdentsprófið frá MH fór ég svo á fatatæknibraut í Tækniskólanum og lærði þar tæknina sem mig hafði vantað. Ég nýtti aðstöðuna til fulls enda kom út úr því ný lína, Collection Ladies, sem var sýnd á Vetrarhátíð í Reykjavík 2014.“

## Sendiherra Monki í Danmörku

Að stúdentsprófinu loknu flutti Særós aftur til Danmerkur þar sem hún hefur búið öðru hvoru frá barnæsku. „Nú hef ég verið búsett í Danmörku síðastliðin þrjú og hálft ár þar sem að ég hef unnið í litríku fatabúðinni Monki sem sjónrænn stílisti og er nú í hlutastarfi þar í söludeildinni samhliða því að stunda nám við Copenhagen Business School í rekstrarhagfræði og sálfræði. Reynsla mín í Monki kveikti áhuga minn á rekstri tískumerkja og hefur veitt mér góða innsýn í hvernig tískuheimurinn gengur fyrir sig í stærri fyrirtækjum. Ég er hægt og rólega að byggja upp eigið merki og námið er akkúrat það sem mig vantar, til að geta tekið réttu ákvarðanirnar og beitt réttum verkfærum í þessu ævintýri.“ Þess má geta að Særós var á dögunum kjörin sendiherra Monki í Danmörku af samstarfsfólki sínu sem þykir hún standa fyrir þau gildi sem Monki vill halda á lofti.

Hún segir innblásturinn að hönnuninni geta komið úr öllum áttum. „Mér finnst svo gaman að taka eftir og kunna að meta litlu fallegu hlutina í hversdagsleikanum. Fallega lituð haustlauf, skrautlegur, persónulegur stíll fólks á götum Kaupmannahafnar, ávextir í öllum stærðum og gerðum. Stundum getur diskurinn með kvöldmatnum meira að segja verið spennandi fagurfræðilega séð. Ég reyni að vera dugleg að taka myndir af öllu því sem veitir mér innblástur, maður veit aldrei hvert það gæti leitt! Fyrir mér er mikilvægt að flíkurnar séu vel gerðar og klæðilegar en á sama tíma að þær miðli vissri listrænni túlkun, eða stemmingu. Litir og spennandi smáatriði eru líka mikilvægir þættir.“

## Silfursamfestingur á mánudegi

Særós segir að hönnun hennar henti stelpum og konum sem þora að bera kvenlegar og einstakar flíkur. „Ég hanna fyrir konur og stelpur sem vilja tjá persónuleika sinn með litríkum, skemmtilegum en jafnframt listrænum og fáguðum fatnaði, sem sækjast eftir einstökum flíkum sem eru handgerðar af mikilli gleði og ástríðu, sem hafa gaman af því að klæða sig eftir eigin stíl og styrkja litlu listaspírurnar í leiðinni.“ Sjálf er hún svo hrifnust af hönnuðum sem þora að ögra formi og nota mikið af litum. „Nicholas Nybro, Anne Sophie Cochevelou, L.O.M Fashion og Molly Goddard. Allt eru þetta hönnuðir sem túlka flíkurnar á mjög listrænan hátt, en á sama tíma er svo mikil gleði og kraftur í hönnuninni.” Hún lýsir eigin stíl á þennan hátt: „Eitt af mínum mikilvægustu gildum í lífinu og hversdagsleikanum er að hafa gaman – það gerir allt svo miklu auðveldara og skemmtilegra. Þó svo það sé mánudagur, þá ætti það ekki að hindra neinn í að hoppa í silfursamfesting og setja glimmer á augnlokin, og það besta er að fólk í kringum mann hefur ennþá meira gaman af því! Gamanið smitar frá sér.“

## Draumurinn um Pale Mist

Særós er með mörg járn í eldinum. „Já, ég er hægt og rólega að skapa mér nafn sem Pale Mist. Ég opnaði nýlega bloggsíðu þar sem ég greini frá þeim skapandi verkefnum sem ég er að vinna í, auk þess að deila ýmsum pælingum um stíl, tísku og tilveruna almennt. Nýlega hannaði ég línu í samvinnu við vintage-merkið Rad Susie Clothing, sem er jafnframt fyrsta línan sem ég hef framleitt og sett í sölu. Línan var í takmörkuðu upplagi en það er ennþá svolítið eftir á www.radsusie.com,“ segir hún og bætir við að hún taki einnig að sér að hanna og sauma brúðarkjóla. „Síðasta hálfa árið hef ég svo látið mig dreyma um að sauma takmarkað upplag af útvöldum flíkum úr Collection Ladies og selja á vefverslun tengdri blogginu, ásamt því að blogga um allt það ferli. Það væri frábær lærdómur og stórt fyrsta skref í að láta drauminn um eigið merki rætast. Mín helsta áskorun er að taka ekki að mér of mikið í einu – því ég vil líka geta notið þess að vera í þessu frábæra námi og tileinkað mér nýja kunnáttu! Það er bara svo erfitt, þegar þetta er allt svo spennandi og gefandi og maður á erfitt með að segja nei!“

Framtíðin er björt hjá Særós og verkefnin fjölbreytt. „Ég hlakka til að vera í skólanum næstu ár og stefni á skiptinám í Tókýó. Japanir eru framarlega bæði í viðskiptum og tísku, svo það væri fullkominn staður fyrir mig. Fram undan eru svo tveir brúðarkjólar fyrir næsta sumar og að vera opin fyrir þeim tækifærum sem verða á vegi mínum!“ Hægt er að fylgjast með ævintýrum Særósar á palemisty.wordpress.com, @pale.mist á Instagram og Pale Misty á Facebook.



Óvenjulegar áherslur og kvenlegur þokki einkenna Collection Ladies frá Pale Mist. MYND/ KRISTINA PETROSIUTĖ



Rómantík, kvenleiki, fallegir litir og áhersla á bakið og herðarnar er meðal þess sem einkennir hönnun Pale Mist.



Cherry Dreams-línan hönnuð af Pale Mist í samvinnu við vintage-merkið Rad Susie Clothing. MYND/STELLA SERSAM



Særós er stöðugt að og hér má sjá nokkrar skissur sem bíða eftir því að verða að fallegum kjólum.

Ekki kvefast í haust






PreCold® getur komið í veg fyrir kvef og stytt kveftíma um allt að helming.

PreCold® má nota fyrirbyggjandi eða þegar kvefeinkenna verður fyrst vart. PreCold® er auðvelt í notkun, hefur skjóta verkun og hentar fullorðnum og börnum frá 4 ára aldri.

ZYMETECH

Fæst í apótekum - www.precold.is

Dreifingaraðili: Vistor hf. Hörgatúni 2 - 210 Garðabæ - S. 535 7000

Velkomin!

CARL HANSEN & SØN
PASSIONATE CRAFTSMANSHIP



Skeifan 6 / Harpa / Kringlan / Laugavegi 70 / 5687733 / epal.is

epal

# Vegna heimsóknar eiganda Carl Hansen,



# Knud Erik Hansen verður 15% afsláttur af öllum vörum frá Carl Hansen





# um næstu helgi 12.-14. okt.

# Þurfa að heyra sannleikann

Krabbameinsgreining náins aðstandanda hefur mikil áhrif á barn. Stálpuð börn vita orðið töluvert um sjúkdóminn, ólíkt því sem áður var. Samskipti við börn hafa líka breyst og er sjaldgæfara að reynt sé að hlífa þeim við erfiðum upplýsingum. Ekki er heldur mælt með því.

Vera Einarsdóttir
vera@365.is



Þorri Snæbjörnsson, sálfræðingur hjá Krafti og Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins, segir mikilvægt að hafa aldur barns í huga þegar því er sagt frá veikindum foreldris eða annars náins aðstandanda. Lykilatriði sé að segja barninu sannleikann á þann hátt sem það skilur.

„Ung börn, fram að um það bil átta ára aldri, þurfa ekki mjög ítarlegar upplýsingar á meðan eldri börn, átta til tólf ára og unglingar, þurfa að vita meira,“ segir Þorri. Hann segir öll börn þurfa eftirfarandi grunnupplýsingar:

- Nafnið á krabbameininu (t.d. brjóstakrabbamein eða eitlakrabbamein o.s.frv.)
- Hvar í líkamanum krabbameinið er.
- Hvernig það verður meðhöndlað; með lyfjameðferð, geislum, skurði.
- Hvaða áhrif veikindin munu hafa á lífið.

Þorri segir börn fljót að skynja ef eitthvað er að og því sé ekki mælt með því að reyna að hlífa þeim um of. „Þá er líka hætt við því að þau fari að geta í eyðurnar. Þau fara jafnvel að lesa sér til á netinu eða heyra eitthvað frá skólafélögunum sem á alls ekki við í þeirra tilfelli og eykur bara vanlíðan og kvíða. Þá er mun betra að segja þeim skýrt og rétt frá.“ Þorri leggur í því sambandi áherslu á að talað sé um krabbamein en ekki veikindi og að það sé liður í að vera skýr og forðast misskilning. Hann segir sum börn ekki hafa frekari spurningar til að byrja með en að mikilvægt sé að bjóða þeim að spyrja seinna ef þeim dettur eitthvað í hug.

## Ekki þeim að kenna

Þorri segir börn vön því að heimurinn snúist svolítið í kringum þau og eigi þau það til að draga þá ályktun að þau hafi gert eitthvað rangt sem aftur hafi orsakað veikindin. Hann segir mikilvægt að leiðrétta það enda séu það erfiðar tilfinningar að burðast með. Hann segir börn ekki endilega bera þessar hugsanir á torg og því geti þurft að spyrja þau eða útskýra málin í óspurðum fréttum. Þorri segir meðal annars hægt að segja eitthvað á þessa leið: „Læknirinn sagði okkur að enginn gæti látið einhvern annan fá krabbamein. Það er ekkert sem einhver okkar lét gerast.“



Betra er að segja börnum skýrt og rétt frá. Annars er hætt við að þau fari að geta í eyðurnar.

## Ekki smitandi

Hann segir líka algengan misskilning hjá börnum að krabbamein geti smitast manna á milli eins og kvef. „Það getur því þurft að útskýra að krabbamein sé öðruvísi en önnur veikindi og að ekki þurfi að hafa áhyggjur af því að einhver hafi smitað mömmu eða pabba eða að þau geti smitast sjálf. Það sé því alveg óhætt að kyssast og knúsast.“

## Rútína veitir öryggi

Þorri segir börn þurfa á rútínu að halda og að hún hjálpi þeim að finna til öryggis þegar lífið verður óútreiknanlegt. Hann segir það oft koma í hlut annarra í fjölskyldunni en þess veika að sjá til þess að líf barnanna haldist eins mikið óbreytt og kostur er. „Það er til að mynda talið mikilvægt að þau fari í skólann, fari að sofa á skikkanlegum tíma og að það sé ekki alltaf nammidagur svo dæmi séu nefnd.“ Hann segir hins vegar líka mikilvægt að leyfa börnunum að njóta samvista við þann sem glímir við meinið þegar þess gerist kostur. „Það þarf þó ekki að þýða stöðugar uppákomur eða stuð heldur bara sjónvarpsgláp og rólegheit svo dæmi séu nefnd. Þá er mikilvægt að börnin séu knúsuð og kysst og að þau fái að heyra að þau séu elskuð.“

> Ung börn, fram að um það bil átta ára aldri, þurfa ekki mjög ítarlegar upplýsingar á meðan eldri börn, átta til tólf ára og unglingar, þurfa að vita meira.
>
> Þorri Snæbjörnsson



## Þarf að eyða óvissu

Ef um ólæknandi krabbamein er að ræða á heldur ekki að hræðast það að tala við börn um dauðann. „Þau þurfa hins vegar að fá fullvissu um að það verði hugsað um þau og í hvers hlut það kemur. Verður það hitt foreldrið, amma og afi eða einhver annar?“ segir Þorri. Hann segir gott að eyða allri óvissu um það.

Að sögn Þorra eiga svipuð lögmál við þegar börn greinast sjálf og þegar aðstandendur greinast og er mikilvægt að gera þeim grein fyrir því að þau séu veik og nota orðið krabbamein. Hann segir börn sem veikjast auk þess gjarnan hafa áhyggjur af því að vera skilin eftir á spítalanum og er mikilvægt að fullvissa þau um að svo verði ekki. Eins óttast sum að heilbrigðisstarfsfólkið taki þau frá foreldrunum og er sömuleiðis mikilvægt að leiðrétta það. Þá segir hann nauðsynlegt að undirbúa þau fyrir allar aðgerðir og rannsóknir og tala um það sem þau eiga í vændum á þann hátt sem þau skilja, miðað við aldur.

Aðspurður segir Þorri ungt fólk sem greinist með krabbamein fá poka með alls kyns upplýsingum frá Krafti. Hann inniheldur meðal annars bókina Lífskraft en í henni er að finna upplýsingar um hvernig má ræða við börn um krabbamein. Á heimasíðu Krabbameinsfélagsins er líka að finna fræðsluefni og bækling um sama mál. Þorri segir líka hægt að leita ráða hjá sálfræðingi, hjúkrunarfræðingum og félagsráðgjafa Ráðgjafarþjónustunnar og Krafti.

FYRIR ÞARMAFLÓRUNA!




Það eru ekki allir mjólkursýrugerlar eins.

Probi Mage LP299V® (Lactobacillus plantarum 299v) er söluhæsti mjólkursýrugerillinn í Svíþjóð og hefur fengið frábærar móttökur á Íslandi! 1 hylki á dag.

Finndu muninn með Probi Mage LP299V®.

Fæst í velflestum apótekum og heilsuverslunum um land allt.

abel heilsuvörur

Einádag
KEMUR HEILSUNNI Í LAG





EIN TAFLA Á DAG : SYKURLAUSAR : ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

20% AFSLÁTTUR FYRIR ELDRI BORGARA 10. - 31. OKTÓBER

Apótekarinn - lægra verð
Lyf & heilsa Við hlustum!

Eirberg



# Vönduð hjúkrunarrúm fyrir heimili og stofnanir

STIEGELMEYER

- Rafdrifin hjúkrunarrúm með fjórskiptum botni
- Stillanlegt höfða- og fótalag
- Stillanlegar hliðargrindur
- Úrval aukahluta

*Þjónusta er byggir á þekkingu, reynslu og gæðum*

**Verð frá 237.500 kr.**

## Fagmenntað fólk í þína þágu

Á heilbrigðissviði Eirbergs á Stórhöfða 25 starfar hópur fólks með sérþekkingu og mikla reynslu. Heilbrigðismenntað starfsfólk býr yfir víðtækri fagþekkingu á vörum og búnaði en metnaður er lagður í að greina þarfir viðskiptavina og koma til móts við óskir þeirra. Við veitum heilbrigðisstofnunum, fagfólki og einstaklingum faglega ráðgjöf og góða þjónustu.

Markmið okkar eru að efla heilsu og auka lífsgæði, auðvelda störf og daglegt líf.

Heilbrigðissvið Eirbergs er staðsett að Stórhöfða 25 og er fagþjónusta veitt alla virka daga frá kl. 9:00 til 16:30. Tímapantanir eru í síma 569 3100.

Eirberg Heilsa, Stórhöfða 25 • Eirberg Lífstíll, Kringlunni 1. Hæð • Sími 569 3100 • eirberg.is

# Karlar með sterkari kynhvöt

Samkvæmt nýrri danskri rannsókn hafa karlar meiri kynlöngun en konur. Fjórða hver kona svaraði því til að kynlíf væri ekkert sérstaklega mikilvægt í lífi sínu. Nokkrar ástæður eru tilgreindar.

**Elín Albertsdóttir**
elin@365.is



Samkvæmt könnuninni sem gerð var sem rannsóknarverkefni við háskólann í Álaborg í Danmörku í samstarfi við danska heilbrigðisráðuneytið hefur kynhegðun fólks breyst með tilkomu femínískra áhrifa. Í könnuninni voru Danir beðnir um að flokka kynlíf sitt sem annaðhvort mikilvægt eða ekki mikilvægt. Aðeins einn af hverjum tíu körlum merkti við síðara svarið. Svo virðist vera sem kynlífið breytist þegar pör eignast barn og einnig þegar fólk eldist.

Áhugi á kynlífi minnkar þegar barn fæðist, sérstaklega hjá konum. Konan tekur barnið fram yfir eiginmanninn og hann lendir í öðru sæti. „Þegar par eignast barn gerist eitthvað í tengslum karls og konu varðandi sýn þeirra á kynlífið. Barnið hefur forgang hjá konunni en hún hefur forgang hjá eiginmanninum. Ákveðin togstreita getur þá komið upp í sambandinu þegar kemur að mikilvægi kynlífs,“ segir danskur kynfræðingur, Christiane Meulengracht, í samtali við netútgáfu Jyllands Posten.

„Konan tekur ákveðna áhættu þegar hún neitar manni sínum um kynlíf. Það getur ýtt honum til annarra kvenna,“ segir kynfræðingurinn. „Móðirin hefur nána snertingu við ungbarn, til dæmis meðan það er á brjósti. Barnið fyllir þar með upp í þá venjulegu nánd sem konan fékk áður hjá manni sínum. Vinkonufaðmlög og góð vinátta geta sömuleiðis veitt konunni snertinánd sem flestir þurfa. Karlmenn faðma síður vini sína og vilja fremur eiga náið samband við konu sína.

Önnur ástæða fyrir því að konur hafa minni áhuga á kynlífi en karlar gæti verið sú þróun í samfélaginu að áhersla er á ýmis karllæg gildi, sjálfstæði, málfrelsi, drifkraft og ákvörðunarrétt. Kvenleg gildi og mýkt þykja bera vott um veikleika, segir kynfræðingurinn og vill meina að þessi minnkandi munur á kynjunum geti dregið úr kynferðislegu aðdráttarafli. Kona sem tileinkar sér sterk karllleg gildi getur drepið kynhvötina.“

Rannsókn sem gerð var í Bretlandi sýnir að bæði karlar og konur hafa minnkandi kynlífslöngun með aldrinum, sérstaklega í langvarandi samböndum. Í bresku rannsókninni sem framkvæmd var við háskólann í Southampton og University College London kom fram að ekki hafi fundist nein tengsl á milli tíðahvarfa hjá konum og minni kynlífslöngunar. 5.000 karlar svöruðu spurningum sem lagðar voru fram og 6.700 konur. Helstu ástæður þess að kynhvöt minnkar með aldrinum eru heilsubrestur og skortur á snertingu eða tilfinningalegri nánd. Vísindamenn segja að innilegra og tilfinningaríkara samband milli hjóna sé mun ákjósanlegri lausn til betra kynlífs en lyf. Um 15% karla og 34% kvenna sem þátt tóku í rannsókninni viðurkenndu að hafa misst áhuga á kynlífi í þrjá mánuði eða meira síðasta árið. Karlarnir voru á aldrinum 35-44 en konurnar voru eldri, eða 55-64 ára.

Þá kom fram í niðurstöðum rannsóknarinnar að hjón sem voru opinská og gátu rætt saman um kynlíf sitt væru líklegri til að hafa meiri kynhvöt. Jafnframt sýndi breska rannsóknin að karlar hafi sterkari kynhvöt en konur, líkt og sú danska.

Breski kynlífsráðgjafinn Ammanda Major tjáði sig um rannsóknina í viðtali við BBC. Hún sagði að það væri ekki óalgengt að fólk missti kynlöngun í lengri eða skemmri tíma. „Það geta verið margvíslegar ástæður fyrir því,“ segir hún. „Kynlíf er mjög persónulegt og margir geta ekki rætt um slíka hluti. Að ræða það við makann er samt það besta sem hægt er að gera til að eiga gott samlíf,“ segir hún.



Körlum finnst þeir oft út undan hjá konunni þegar fyrsta barnið kemur í heiminn.


DEKKVERK

SKEMMTILEGA ÓDÝR

LÁGT VERÐ SÍÐAN 2009

EIGUM FLEST ALLAR STÆRÐIR Á LAGER HÉR ERU NOKKUR DÆMI

| STÆRÐ | FJÖLDI | FULLT VERÐ | TILBOÐ |
|---|---|---|---|
| 175/65R14 | 4 stk. | 30.000.- | 24.000.- |
| 175/65R14 | 4 stk. Negld | 48.000.- | 40.000.- |
| 195/65R15 | 4 stk. | 39.000.- | 31.000.- |
| 195/65R15 | 4 stk. Negld | 49.000.- | 41.000. |

| STÆRÐ | FJÖLDI | FULLT VERÐ | TILBOÐ |
|---|---|---|---|
| 205/55R16 | 4 stk. | 53.000.- | 29.000.- |
| 205/55R16 | 4 stk. Negld | 54.000.- | 45.000.- |
| 225/45R17 | 4 stk. | 60.000.- | 48.000.- |
| 225/45R17 | 4stk Loftbólu | 95.000.- | 76.000.- |

| STÆRÐ | FJÖLDI | FULLT VERÐ | TILBOÐ |
|---|---|---|---|
| 245/70R16 | 4 stk | 84.000.- | 67.000.- |
| 245/70R16 | 4 stk negld | 92.000.- | 75.000.- |
| 265/70R16 | 4 stk | 99.000.- | 79.000.- |
| 265/70R16 | 4 stk | 139.000.- | 111.000.- |

| STÆRÐ | FJÖLDI | FULLT VERÐ | TILBOÐ |
|---|---|---|---|
| 235/65R17 | 4 stk | 103.000.- | 82.000.- |
| 235/65R17 | 4 stk Negld | 121.000.- | 98.000.- |
| 265/70R17 | 4 stk | 100.000.- | 80.000.- |
| 265/70R17 | 4 stk | 133.000.- | 106.000.- |

Nýbýlavegur 2 - Kópavogi - Sími: 578 7474 - www.dekkverk.is - Opið: virka daga 10 - 19 - Helgar 12 - 16

# Málmiðnaður

FÖSTUDAGUR 13. OKTÓBER 2017
Kynningar: Tækniskólinn, Vélvík



„65% af grunnskólanemendum í dag munu gegna störfum sem er ekki enn búið að finna upp," segir Patrick Karl Winrow, stjórnarmaður í Málmi, samtökum fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði. MYND/ERNIR

## Áhersla á nýsköpun og gæði

Fjórða iðnbyltingin er komin á fullan skrið og þar gegnir málmiðnaðurinn stóru hlutverki. Tækniframfarir eru mjög örar í greininni um allan heim og hún er í raun að breytast í hátækniiðnað. ➜2



Þjónusta Arentsstáls ehf er á breiðum grunni varðandi hefbundna starfsemi.
Við bjóðum uppá m.a.:

- vélsmíði
- rennismíði
- stálsmíði
- ýmiss konar viðhald
- nýsmíði á handriðum.

Getum bætt við okkur verkefnum.

arents stál
Krókhálsi 5f, Járnhálsmegin • 587 5650
arentsstal.is • arentsstal@arentsstal.is

Þjónusta Vélsmiðju Suðurlands ehf er á breiðum grunni varðandi hefbundna starfsemi vélsmiðju, nýsmíði, viðgerðum og ýmiss konar viðhald, ekki síst fyrir bændur og búalið.

Vélsmiðja Suðurlands
Selfossi • Gagnheiði 5 • 482 1980



Hafðu það skemmtilegra í haust með Stöð 2
VIÐ ERUM AÐ TALA UM ÞIG
MARGFALT SKEMMTILEGRI
365.is 365

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Málmiðnaður er gömul atvinnugrein sem hefur þróast hratt á síðustu árum, bæði hér á landi og erlendis. Patrick Karl Winrow, starfsmaður Marel og stjórnarmaður í Málmi, samtökum fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði, segir að tækniframfarir séu mjög örar í greininni sem sé í raun að breytast í hátækniiðnað. „Greininni vegnar vel og það er mikið að gera hjá fyrirtækjum innan málmiðnaðar. Veltan í greininni hefur t.d. aukist um 28,3% frá árinu 2008.“ Hann segir að nú starfi starfsmenn í málmiðnaði við forritun og uppsetningu á búnaði þó handverkið lifi auðvitað einnig góðu lífi. „Það hefur tekist að skapa verðmætari og áhugaverðari störf í greininni og sem dæmi má nefna að aukin ferðaþjónusta hér á landi hefur kallað á enn meiri hönnun og sérsmíði úr stáli. Áherslan er á nýsköpun og gæði þar sem verið er að sérsmíða jafnvel í miklu magni.“ Aðspurður um stöðu málmiðnaðar á Íslandi, samanborið við nágrannalöndin, segir hann Ísland hafa búið við viðvarandi skort á menntuðu fólki í greininni sem hafi auðvitað áhrif á möguleika greinarinnar til að stækka og dafna. „Þetta er mikið áhyggjuefni fyrir iðnaðinn og við verðum að leita leiða til að nálgast ungt fólk og kynna fyrir þeim hvað það eru fjölbreytt og spennandi störf í málmiðnaði. Við stöndum okkur að öðru leyti mjög vel í samanburði við nágrannalöndin okkar.“ Patrick segir að samtökin Málmur hitti á hverju ári systursamtök sín á Norðurlöndunum í þeim tilgangi að bera saman bækur og læra hvert af öðru. „Fundirnir hafa átt sér stað undanfarin 90 ár og það er stórskemmtilegt að sjá hvað greinin í heild hefur tekið miklum breytingum undanfarin ár.“

## Ný atvinnutækifæri

Gríðarlegar tækniframfarir hafa aukið afköst í málmiðnaði, skapað tækifæri til vöruþróunar og bætt hraða og gæði framleiðslunnar. Raunar má tengja helstu tækniframfarir fjórðu iðnbyltingarinnar við málmiðnað. „Um þessar mundir er þróun í framleiðslutækni hraðari en nokkru sinni fyrr og róbótar og aðrar tækniframfarir sem tengjast fjórðu iðnbyltingunni gegna sífellt stærra hlutverki.“

Patrick nefnir að þróun í framleiðslutækni og hugbúnaðarlausnum miði að því að einfalda vinnu og bæta framleiðslu. „65% af grunnskólanemendum í dag munu gegna störfum sem er ekki enn búið að finna upp. Það býður upp á alls konar möguleika í verðmætasköpun og nýjum atvinnutækifærum. Fyrirtæki geta átt von á að ný tækni trufli viðskiptamódel þeirra og finna þurfi nýjar lausnir hraðar en áður.“

Hann segir að dæmi séu um það að fyrirtæki í Bandaríkjunum séu að búa til nokkurs konar Uber-módel fyrir framleiðslu. „Þá er verið að tengja saman notendur og tækjabúnað þannig að einstaklingum og fyrirtækjum er gert kleift að framleiða án þess að eiga sjálf dýran framleiðslubúnað. Fjórða iðnbyltingin er komin á fullan skrið og það er spurning hvort við ætlum að fylgja henni eða eiga það á hættu að sitja eftir. Ísland verður að taka þátt í þessari byltingu og við verðum að tileinka okkur nýjan hugsunarhátt. Fram undan eru miklar tækniframfarir og til þess að lifa af verðum við að styrkja enn frekar málmiðnaðinn, þessa mikilvægu stoð í atvinnulífi okkar.“

## Skýr stefna og markmið

Tilgangur Málms er að vinna að framgangi málmtæknifyrirtækja, efla samkeppnishæfni þeirra og arðsemi, segir Patrick. „Helstu verkefnin og áskoranirnar snúa að viðhorfi til greinarinnar, menntamálum, tækniframförum og framleiðni. Við höfum nýlokið öflugri stefnumótunarvinnu og sett fram skýra stefnu og markmið sem við erum að vinna í sameiningu að með okkar helstu hagsmunaaðilum.“



**„Greininni vegnar vel og það er mikið að gera hjá fyrirtækjum innan málmiðnaðar. Veltan í greininni hefur t.d. aukist um 28,3% frá 2008,“ segir Patrick.**

JÁRNPRÝÐI
ALMENN SÉRSMÍÐI
ÍTALSKT SMÍÐAJÁRN
Eigum til á lager ítalskt skrautjárn sem hentar í handrið o.fl.
Getum einnig sérpantað smíðajárn.
Ingi@jarnprydi.is | Gsm: 822 1717



Kynntu þér málið á www.vm.is
Landsfélag í vél- og málmtækni
VM-Félag vélstjóra og málmtæknimanna - Stórhöfða 25 - 110 Reykjavík - 575 9800

Öflugar vélar - fyrir járniðnaðinn

HAAS tölvustýrðar fræsivélar

Tölvustýrðar bandsagir í öllum stærðum

HAAS tölvustýrðir rennibekkir

Reim- og gírdrifnar súluborvélar í miklu úrvali
Kynntu þér úrvalið á idnvelar.is
IÐNVÉLAR ehf. | Smiðjuvegi 44-46 | 200 Kópavogur | Sími 414 2700 | idnvelar@idnvelar.is | idnvelar.is
IÐNVÉLAR

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson | Sölumaður auglýsinga: Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Veffang: Visir.is

# BÓNUS Smáratorgi

Takið BLAÐIÐ með

Opnum á morgun **laugardag kl. 10:00** stærri og endurbætta verslun við Smáratorg.

## Fjöldi opnunartilboða!







2 fyrir 1

**775** kr. pk.

**SS Vínarpylsur**
20 pylsur á verði 10




38% afsláttur

**199** kr. 462 g

**Stjörnuegg Stórstirni**
6 stór egg, 462 g
Verð áður 322 kr.



8m á rúllu

ÞYKKUR PAPPÍR

**298** kr. 8 m

**Jólapappír**
8 m rúllur

## Rýmri opnunartími

aðeins í Bónus Smáratorgi

Mánudaga - Fimmtudaga
**10:00 - 19:00**

Föstudaga - Laugardaga
**10:00 - 19:30**

Sunnudaga
**11:00 - 18:00**

Blóm leysa ekki öll vandamál ...en eru góð byrjun :)



**1.998** kr. vöndur

**Rósir 10 stk.**
Stór vöndur



**1.998** kr. vöndur

**Liljur**
Stór vöndur

Verð gildir til og með **15. október** eða meðan birgðir endast

Kjörís

30% afsláttur

598 kr. 2 l

**Kjörís Mjúkís**
2 lítrar - Verð áður 859 kr.

998 kr. kg

**SS hálft Lambalæri**
Jurtakryddað, ferskt

998 kr. kg

**SS Lambalæri**
Frosið

25% afsláttur

298 kr. 2 l

**Bónusís**
2 lítrar - Verð áður 398 kr.

500kr verðlækkun pr. kg

2.498 kr. kg

**NF Reyktur og grafinn lax**
Flök - Verð áður 2.998 kr./kg

98 kr. 330 ml

**Ceres Jóla Hvítöl**
Danskt, 330 ml

298 kr. 200 g

**Síríus Konsúm Suðusúkkulaði**
200 g

200g

198 kr. 200 g

**Nóa Kropp**
200 g

# Kassatilboð

500kr. verðlækkun pr. ks.

217kr. stykkið

2.608 kr. ks.

**Barebells Próteinbar**
Kassi, 12 x 55 g

1.000kr. verðlækkun pr. ks.

4.976 kr. ks.

**Nocco Orkudrykkur**
Kassi, 330 ml, 24 dósir
Verð áður 5.976 kr./kg

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




**598** kr. kg.

**Bónus Kjúklingur**
Ferskur, heill

Frosnir
**LEGGIR**




**398** kr. kg.

**Bónus Kjúklingaleggir**
Frosnir



Fullmeyrnað
**ÍSLENSKT**
Ungnautakjöt




**3.998** kr. kg

**Íslandsnaut**
Ungnauta Ribeye

Fullmeyrnað
**ÍSLENSKT**
Ungnautakjöt




**3.998** kr. kg

**Íslandsnaut Fillet**
Ungnautakjöt

Fullmeyrnað
**ÍSLENSKT**
Ungnautakjöt




**2.598** kr. kg

**Íslandsnaut Piparsteik**
Ungnautasteik, fersk

**VEISLAN**
**BYRJAR Í BÓNUS**

**2017**
**slátrun**




**998** kr. kg

**Íslandslamb Lambalæri**
Sérskorið, ferskt

**30%**
verðlækkun pr. kg




**769** kr. kg

**Ali Grísahakk**
Ferskt - Verð áður 1.098 kr./kg

**30%**
verðlækkun pr. kg




**1.179** kr. kg

**Ali Grísahnakki**
Ferskur - Verð áður 1.679 kr./kg

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## NÝBAKAÐ OG ILMANDI BAKKELSI Í BÓNUS

NÝBAKAÐ!



**398** kr. pk.

**Bónus Kleinuhringir**
Litlir, 8 stk.




**98** kr. 500 g

**Bónus Kornbrauð**
500 g

4stk. NÝBAKAÐ!



**198** kr. 4 stk.

**Bónus Kringlur**
4 stk.

4stk. NÝBAKAÐ!



**298** kr. 4 stk.

**Bónus Kjallarabollur**
Með osti, 4 stk.



MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ

**298** kr. 420 g

**Myllu Möndlukaka**
420 g



**798** kr. 700 g

**Bónus Súkkulaðikaka**
700 g

STEINBÖKUÐ
Brauð

NÝBAKAÐ!



**398** kr. stk.

**Bónus**
**Steinbakað Brauð**
440 g, 2 teg.




2 túpur

**198** kr. 2x75 g

**Colgate Tannkrem**
2x75 g




30% afsláttur

**97** kr. pk.

**ES Bómullarskífur**
120 stk. - Verð áður 139 kr.

220 BLÖÐ
á rúllu




**498** kr. 9 rl.

**KittenSoft Salernispappír**
9 rúllur

8m
á rúllu

ÞYKKUR PAPPÍR



**298** kr. 8 m

**Jólapappír**
8 m rúllur

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

# Heillandi heimur málmsmíða

## Störf í málmiðnaði eru spennandi og rík þörf á nýliðun meðal íslenskra málmiðnaðarmanna. Véltækniskóli Tækniskólans býður upp á námsleiðir sem lýkur með starfsréttindum í traustu fagi.

Það er mikil eftirspurn eftir starfsfólki með menntun á sviði málm- og véltæknigreina, og bjóða fyrirtæki gott, þrifalegt og stöðugt starfsumhverfi sem er aðlaðandi á margan hátt,“ segir Jón Hjalti Ásmundsson, skólastjóri Véltækniskóla Tækniskólans.

Í Véltækniskólanum er boðið upp á nám í málm- og véltæknigreinum og kennt í tveimur byggingum; á Háteigsvegi í Reykjavík, þar sem áherslan er á vélstjórn, og í Flatahrauni í Hafnarfirði þar sem áherslan er á rennismíði, stálsmíði og vélvirkjun.

„Í Hafnarfirði er góð aðstaða til náms í málmiðngreinum og hefur skólinn fyrirtaks tækjabúnað til kennslu,“ segir Jón Hjalti. „Lögð er áhersla á tvær málmiðngreinar; rennismíði og stálsmíði. Nám í vélvirkjun fer líka fram í Hafnarfirði og er aðstaða ágæt en einnig er notast við vélasali á Háteigsvegi við kennslu í vélgreinum.“

Verið er að taka í gagnið nýjar námsbrautir í rennismíði, stálsmíði og vélvirkjun.

„Þar er miðað við að námið samanstandi af skólanámi, vinnustaðanámi og starfsþjálfun, og ljúki með burtfararprófi sem gerir nemandann tilbúinn í sveinspróf. Byggt er á eldri námsbrautum en meiri áhersla nú lögð á kjarnagreinar sérhvers fags og hefur nemandinn meira val um stoðfög,“ útskýrir skólastjórinn.



Í Véltækniskólanum er góð aðstaða til náms í málmiðngreinum og fyrirtaks tækjabúnaður til kennslu.

Nemendur sem útskrifast af málm- og véltæknibrautum öðlast starfsréttindi að námi loknu.

„Nemendur geta einnig unnið með námi og tekið það á lengri tíma ef þeir óska. Í öllum tilvikum stendur nemendum til boða að bæta við áföngum til stúdentsprófs, sem gerir þeim mögulegt að fara í nám á háskólastigi. Jafnframt geta nemendur fært sig til á meðan námi stendur, bæði innan Tækniskólans og farið í nám í öðrum skólum, til dæmis til að læra aðra málmiðngrein eða vélagrein,“ segir Jón Hjalti.



Jón Hjalti Ásmundsson er skólastjóri Véltækniskóla Tækniskólans. MYNDIR/ANTON BRINK

Nánari upplýsingar um nám í málm- og véltæknigreinum er að finna á vef Tækniskólans, tskoli.is.



**Nám í stálsmíði og rennismíði samanstendur af skólanámi, vinnustaðanámi og starfsþjálfun.**




# Fjölhæf þjónusta hjá Vélvík

## Vélvík er eitt best búna fyrirtæki landsins á sviði sérhæfðrar nákvæmnissmíði, rennismíði og fræsinga. Þar fer saman áratuga reynsla fagmanna og öflugur hátæknibúnaður. Verkefnin eru af öllum stærðum og gerðum.

Það má segja að við framleiðum allt frá varahlutum í fólk til kafbáta en meðal viðskiptavina okkar eru fyrirtæki eins og Össur og Marel. Þá framleiðum við kafbáta fyrir Teledyne – Gavia,“ segir Daníel Guðmundsson, forstjóri Vélvíkur.

„Við vinnum einnig fyrir lyfjafyrirtæki og smíðum meðal annars mót og skiptihluti eftir pöntun í pökkunarlínur fyrir framleiðslu þeirra. Þá vinnum við verkefni fyrir ýmis hátæknifyrirtæki á landinu.“

Vélvík hefur starfað í bráðum þrjátíu ár og á þeim tíma hefur fyrirtækið byggt upp hátækniþjónustu og vélakost. Á verkstæðinu eru 70 vélar og tæki, þar af eru 16 CNC vélar eða tölvustýrðar vélar. Tuttugu starfsmenn starfa hjá Vélvík, allt faglærðir rennismiðir.

„Verkefnin sem við tökum að okkur geta því verið af öllum stærðum og gerðum, bæði flókin og einföld. Þau geta verið allt frá einu stykki í einu og upp í þúsundir stykkja. Við sérhæfum okkur í fínsmíði sem krefst mikillar nákvæmni en fínsmíði þýðir ekki endilega smástykki,“ segir Daníel. „Þó svo að við leggjum áherslu á fínsmíði þá tökum við öll verkefni sem passa í vélarnar okkar. Við vinnum úr ryðfríum efnum, koparefnum, plastefnum, títanefni og stáli. Þá erum við einnig með hersluofna og slípivélar og bæði herðum stál og slípum. Erum einnig með plastframleiðslu og smíðum mót til sprautusteypu á plasti og steypum sjálfir í þeim tilfellum sem um lítið magn er að ræða. Vélvík er líklegast með fjölhæfustu þjónustuna á sínu sviði hér á landi,“ segir Daníel.

1. Myndir af mælivél og skjámynd af þeim hlut sem er í mælingu. Vélin er með nákvæmni upp á 1,5 My eða 1,5/1000 úr millimetra. Notuð við mælingar á flóknum hlutum.
2. Dæmi um verkefni sem Vélvík tekur að sér.
3. MAZAK Integrex i200 Multi Tasking Machine. Þessi vél er 12 ása rennibekkur með 12.000 sn. fræsihaus. Fullvinnur flókna hluti með einni uppstillingu.
4. Hér er holuloki sem er í viðgerð.
5. Við erum mótasmiðir meðal annars og smíðum blástursmót, vakúmmót og sprautusteypumót. Hér á myndinni er dæmi um sprautusteypumót hannað og smíðað hjá Vélvík ásamt afurðinni sem er skrúfa fyrir kafbát.
6. Vélvík býr yfir EDM tækni sem við köllum neistagröft upp á íslensku. Þessi mynd sýnir mótspart sem búið er að grafa, ásamt rafskauti og afurð. Rafskautið er fræst í tölvustýrðri vél.
7. Helmingur af blástursmóti fyrir flösku og fullsmíðað mót í lyfjapökkunarvél.



1



2



1

3.




3



4



5



6



7




Lárus Sigurður Lárusson lögmaður skipar 1. sætið
á lista Framsóknarflokksins í Reykjavík norður.



Myndirnar á sýningunni sýna daglegt líf hælisleitenda, heimkynni þeirra og hvað þeir aðhafast dagsdaglega.

# Hælisleitendur sýna ljósmyndir

Ljósmyndsýningin Bið verður opnuð á morgun laugardag í Borgarbókasafninu Grófinni og stendur yfir til sunnudagsins 5. nóvember.

Sýningin er afrakstur samstarfsverkefnis Rauða krossins í Hafnarfirði og Garðabæ, Borgarbókasafns Reykjavíkur og Borgarsögusafns Reykjavíkur en tilgangur verkefnisins var að gefa fólki í leit að alþjóðlegri vernd tækifæri til að tjá sig með ljósmyndun. Á sýningunni munu nokkrir hælisleitendur sýna ljósmyndir úr daglegu lífi sínu á meðan þeir bíða eftir niðurstöðu umsóknar sinnar um alþjóðlega vernd.

Hópurinn hefur undanfarna þrjá mánuði sótt námskeið hjá Ragnari Visage, ljósmyndara og sjálfboðaliða hjá Rauða krossinum, og m.a. sótt innblástur í vettvangsferðir í Ljósmyndasafn Reykjavíkur og Þjóðminjasafn Íslands. Tækjakostur var af skornum skammti og því notuðu þátttakendur síma með myndavél sem urðu þannig helstu verkfærin sem notuð voru við vinnslu verkefnisins. Ragnar sá auk þess um sýningarstjórn.

Þar sem búið er að vísa nokkrum þátttakendanna úr landi eru myndir þeirra ekki hluti af þessari sýningu.

Nánari upplýsingar má finna á www.borgarbokasafn.is.

NÝ SENDING FRÁ MARINA RINALDI

Tískan
Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is

BASLER MaxMara BRAX

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

INHOPE insafe SAFT
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU



Agnes Wild leikkona hefur í nógu að snúast og það er margt að gerast hjá henni um helgina. MYND/ERNIR

# Gamanleikrit um kvíðakast

## Agnes Wild á annasama helgi í vændum. Hún leikur í tveimur leiksýningum, fer á stórtónleika og heldur upp á afmælið sitt.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@365.is



Agnes Wild, leikkona og leikstjóri, er með þéttskipaða dagskrá þessa helgina. „Ég byrja helgina á því að fara á tónleikana með Zöru Larsson í Laugardalshöllinni í kvöld. Verð að hryggja fólk með að það er löngu orðið uppselt en er að sama skapi ánægð með að hafa tryggt mér miða í tíma. Svo verður kökuboð fyrir fjölskylduna á laugardaginn í tilefni af afmælinu mínu síðasta þriðjudag.“ Að afmælisveislunni lokinni hefst svo undirbúningur fyrir leiksýninguna Fyrirlestur um eitthvað fallegt sem Agnes sýnir ásamt leikhópnum SmartíLab í Tjarnarbíói á laugardagskvöldið. „Þetta er gamanverk um kvíða sem hentar ótrúlega vel fyrir alla frá fjórtán ára aldri. Sara Martí leikstjóri fékk hugmyndina þegar hún fékk sitt fyrsta kvíðakast og fann að hún yrði að gera leiksýningu um þá upplifun. Hún fékk með sér fólk sem bæði hefur upplifað sjúklegan kvíða og þá sem ekki hafa gert það og úr varð þessi ótrúlega skemmtilega sýning sem hefur það að markmiði að vekja fólk til meðvitundar og opna umræðuna um geðheilbrigði á Íslandi enn frekar.“

Eftir sýningu á laugardagskvöldið á Agnes von á að fagna afmælinu sínu með félögum sínum en hún getur þó ekki trallað langt fram á nótt því daginn eftir er sýning á brúðuleikritinu Á eigin fótum sem leikhópurinn Miðnætti leikur í Tjarnarbíó. „Á eigin fótum er brúðusýning fyrir tveggja ára og eldri og er unnin upp úr sögu ömmu minnar. Hún var send í sveit þegar hún var lítil og okkur langaði að kynna þann veruleika fyrir krökkum að í gamla daga voru krakkar sendir í sveit í langan, langan tíma frá mömmu sinni og pabba og þurftu að standa á eigin fótum. Ég ólst upp við þessar sögur hennar ömmu þar sem hún lýsti því að koma úr borginni og sjá tún í fyrsta sinn og fullt af dýrum og endalausa víðáttu.“

Á eigin fótum var frumsýnd á Barnamenningarhátíð og var meðal annars tilnefnd til Grímuverðlauna fyrir barnasýningu ársins og dans og sviðshreyfingar ársins. Leikhópurinn Miðnætti er skipaður þremur listakonum sem koma hver úr sinni áttinni í listinni. „Ég er leikkona og leikstjóri, Sigrún Harðardóttir er tónlistarkona og fiðluleikari og Eva Björg Harðardóttir er leikmynda- og búningahönnuður. Svo allir okkar sterkustu punktar hittast og búa til leikhús saman enda fá sýningarnar okkar hrós fyrir að vera fallegar og úthugsaðar og svo erum við alltaf með lifandi tónlist svo allt tvinnast saman í fallega heild.“

Hópurinn fór til Grænlands með Á eign fótum í sumar og sýndi fyrir grænlensk börn. „Það er mjög lítið talað í sýningunni svo það þarf ekki að kunna íslensku til að geta notið hennar. Við sýndum tvisvar og það var ótrúlega gaman að sjá að verkið virkar. Við vorum eitthvað hrædd um að krakkar í öðrum löndum tengdu ekki við íslensku dýrin en grænlensku börnin voru mjög ánægð með sýninguna.“



Frá sýningunni Á eigin fótum sem hefur fengið mjög góðar viðtökur hjá fólki á öllum aldri.

Nánari upplýsingar um leiksýningarnar Fyrirlestur um eitthvað fallegt og Á eigin fótum er að finna á tjarnarbio.is.


REYKJAVÍK
SÍÐDEGIS
Þorgeir, Kristófer og Bragi fara
yfir málefni líðandi stundar.
VIRKA DAGA MILLI 16:00 OG 18:30.
SJÓNVARP
BYLGJAN.IS
ÚTVAPPIÐ
FM 98.9
BYLGJAN
989



ALLA VIRKA DAGA Á STÖÐ 3

3

GAMLIR VINIR
SNÚA AFTUR Á STÖÐ 3

Seinfeld og Friends verða á dagskrá alla virka daga á Stöð 3.
Seinfeld byrjar á slaginu 19:00 og Friends klukkan 19:25.
**Ekki missa af vinsælustu þáttum allra tíma.**




# Minning um haustdag

Það viðrar víða vel til útivistar um helgina og upplagt að fara með fjölskyldu og vinum í hressandi haustlitaferð. Setja kókó á brúsa og smyrja girnilegar samlokur til að maula á hlýju teppi í faðmi náttúrunnar. Tína litrík haustlauf í körfu og eiga skemmtilega samverustund yfir listsköpun þegar heim er komið. Heillandi hugmynd er að allir í fjölskyldunni máli sína eigin litlu haustlitadýrð eftir daginn, þar sem notuð eru lauf eða fuglaber til skreytingar, og sem hægt er að hengja upp sem heimilisprýði í fallegu púsli og ramma sem minningu um fagran og góðan haustdag.


Weber Q3200 komið aftur í verslanir

weber




Weber

gæði

ending

ánægja

www.weber.is

# Smáauglýsingar

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki


**BÍLAHÖLLIN**
S: 567-4949



SUZUKI Grand vitara. Árgerð 2004, ekinn 203 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 490.000. Rnr.152033.



HONDA Cr-v lifestyle. Árgerð 2013, ekinn 50 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Dráttarkrókur. Verð 3.590.000. Rnr.151802.



TOYOTA Land cruiser 200 VX diesel 7 manna. Árgerð 2008, ekinn 192 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Dráttarkrókur. Verð 6.290.000. Rnr.289270.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

**bilfang.is**
S. 567 2000



**GÓÐUR BÍLL !**
Skoda Fabia 06/2008 1.2 bensin, ek aðeins 60 þ.km, TOP EINTAK , verð nú 790 þús !!!



**GOTT VERÐ !**
Ford Transit Connect (nyrra lag) 05/2014 ek. 94 þ.km verð nú 1440 + VSK !!!



**GÓÐUR BÍLL !**
Skoda Fabia 06/2008 1.2 bensin, ek aðeins 60 þ.km, TOP EINTAK , verð nú 790 þús !!!

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

Vissir þú að... Það er bannað að mismuna börnum eftir litar hætti
Barnaheill
Save the Children á Íslandi


## Hjólbarðar


VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700


## Þjónusta

## Hreingerningar


Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is


## Bókhald


Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.


## Málarar


Getum bætt við okkur inni verkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758


## Búslóðaflutningar


Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is


## Húsaviðhald


Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569


## Nudd


Unaðsnudd 105 Reykjavík. S. 781 2666 Natalia


## Skemmtanir




BOLTINN Í BEINNI

HAPPY HOUR
ALLA DAGA!!
kl. 16-19

Cafe Catalina
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

LEIKIR HELGARINNAR:
Laugardagur
11:15 Liverpool - Man. United
13:50 Crystal Palace - Chelsea
16:20 Watford - Arsenal



Rúnar Þór og hljómsveitin TRAP spila um helgina.

Föstudag frá 23:00 - 02:00
Laugardag frá 00:00 -03:00

Gullnáman

Heitur matur í hádeginu alla virka daga • Boltatilboð • Happy hour • Lifandi tónlist allar helgar


# RÁÐNINGAR




Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.
Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# Keypt & Selt

## Til sölu



**TIL SÖLU**
Gámahús sem samanstendur af 6 gámaeiningum, rýmið er í dag innréttað sem kennslusalur og fundaherbergi auk WC, eldhúskrókur, forstofa og geymsla.

Óskað er eftir tilboðum og selst húsið í núverandi ástandi.

**Allar frekari upplýsingar í síma 690-8101 eða innkaup@riotinto.com**

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Heilsa

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is




# Húsnæði

## Húsnæði í boði

Hús í Dalaseli nr 7 í kjallara, 2 herb. eldhús m ísskáp. baðherb. Lítil geymsla. 72 fm. 2 fataskápar. Hægt er að koma að skoða e. kl. 17. Uppl. 775 1231. V. 150þ m hita og rafmagn. 2 mánuðir tryggingu. Laus 1. nóv.

## Húsnæði óskast

Hjón á besta aldri óska eftir 2-3ja herb íbúð með baðkari til lengri eða skemmri tíma. Þarf að vera laus um mánaðmótin okt/nóv. Uppl. í S 869 1657

## Atvinnuhúsnæði

**HÚSNÆÐI TIL LEIGU:**
Auðbrekka 4 160 fm með innkeyrsluhurð

Nýbýlavegur 4 430 fm með innkeyrsluhurð og vörulyftu

Nýbýlavegur 8 "Portið" 55 fm verslunarbil

**S: 690 3031 og hafsteinn@lundurfasteignir.is**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Hönnun

icePatent
**RAFLAGNATEIKNINGAR**
Önnumst gerð raflagnateikninga fyrir íbúðir og húseignir.
Upplýsingar í síma 852 2090,
IcePatent@outlook.com
www.IcePatent.is

# Atvinna

## Atvinna í boði

Meklējam strādnieku (us) kam ir pieredze darbam ar formām un betonēsanu. 7600732 +371 28346292

## Tilkynningar

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Ákvörðun um matsskyldu**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin

**Breytingar á efnistökusvæðum vegna stækkunar Búrfellsvirkjunar**

skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **13. nóvember 2017.**

## Tilkynningar

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

### Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

**Hlíðarendi**
Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 27. september 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 5. október 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda. Í breytingunni felst m.a. fjölgun íbúða á reitum C, D og F í samræmi við breyttan aðalskipulags-talnagrunn, breyting á skilmálum er varða svalaganga á íbúðareitum C, D og F, fyrir reit H, að gera ný gatnamót, Valshlíð tengist við Nauthólsveg og textabreytingu/viðbót í skilmálum er varðar heimild fyrir matvöruverslanir á skipulagssvæðinu. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Suðurlandsbraut 12**
Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 27. september 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 5. október 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 12 við Suðurlandsbraut. Í breytingunni felst stækkun hússins til suðurs þar sem stækkunin myndi hýsa hótelherbergi á efri hæðum og veitingastaði á neðstu hæðinni með beina tengingu út í aðliggjandi útisvæði. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

Tillögurnar er einnig hægt að fara yfir á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 13. október 2017 til og með 24. nóvember 2017**. Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni, ***www.reykjavik.is*, skipulag í kynningu**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 24. nóvember 2017. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**.

Reykjavík 13. október 2017
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is






**MÁNUDAGA**

KLUKKAN 20:45

# Gulli **byggir**

**Gulli Helga** tekur að sér stór sem smá verkefni eins og áður. Allt frá því að færa til eldhús í að breyta fjósi í íbúð, svo eitthvað sé nefnt.

MARGFALT SKEMMTILEGRI

365.is | 1817

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

Norðan og norðvestan 10-20 og talsverð rigning N-lands, en úrkomulítið syðra. Áfram hvassast á Vestfjörðum, en vaxandi norðvestanátt seinnipartinn, 13-23 í kvöld, hvassast á Ströndum. Hiti víða 3 til 10 stig, hlýjast syðst.




## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 8° | 4° | 3° |
| ↘10 | →10 | ↘13 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 3° | 5° | 0° |
| →14 | ↘18 | ↘12 |

## Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° | 3° | 4° |
| ↗4 | ↗8 | ↗6 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 4° | 5° | 1° |
| ↑4 | ↓1 | ↗7 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | 6 | | | | 9 |
| | 5 | | 4 | | 9 | 3 | | 7 |
| | | | 5 | | | | 6 | |
| 6 | 8 | | | | 3 | | | 5 |
| 3 | | | | 4 | | 9 | | |
| 9 | 7 | 1 | 6 | | | 4 | | |
| | | | | | | 1 | | 4 |
| | | 9 | | 7 | | 2 | | 3 |
| 7 | | 2 | | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | | 1 | | 6 | | | |
| 1 | 8 | | 3 | | | | | 6 |
| | | | 4 | | 2 | | 9 | |
| | | 6 | | 2 | | | | |
| 5 | | | | 1 | | 7 | | 4 |
| | | | 6 | | | | 2 | |
| 8 | | | 7 | | | 1 | | |
| | | | 9 | 5 | | | | |
| | 7 | 3 | | 4 | | 8 | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | | | | 6 | | 2 | |
| | 1 | | | 4 | | 3 | | 7 |
| | | 7 | | | 3 | | | 6 |
| | | 1 | | | | | | |
| 7 | 9 | 5 | | | 1 | | 6 | |
| 8 | | 3 | | 6 | 4 | | | |
| 6 | | | | | 9 | | | 5 |
| | | 8 | | | | 1 | | |
| | 7 | | | | 5 | | | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | 1 | 4 | 8 | 2 | 5 | 9 | 3 |
| 3 | 4 | 2 | 6 | 5 | 9 | 8 | 1 | 7 |
| 5 | 8 | 9 | 7 | 1 | 3 | 2 | 4 | 6 |
| 7 | 6 | 4 | 8 | 9 | 5 | 3 | 2 | 1 |
| 2 | 5 | 8 | 1 | 3 | 7 | 4 | 6 | 9 |
| 9 | 1 | 3 | 2 | 6 | 4 | 7 | 5 | 8 |
| 1 | 9 | 5 | 3 | 4 | 8 | 6 | 7 | 2 |
| 8 | 2 | 6 | 5 | 7 | 1 | 9 | 3 | 4 |
| 4 | 3 | 7 | 9 | 2 | 6 | 1 | 8 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 5 | 3 | 8 | 1 | 9 | 4 | 2 | 7 |
| 7 | 8 | 1 | 4 | 2 | 6 | 5 | 9 | 3 |
| 9 | 2 | 4 | 7 | 3 | 5 | 8 | 6 | 1 |
| 8 | 3 | 6 | 5 | 4 | 2 | 1 | 7 | 9 |
| 2 | 4 | 5 | 9 | 7 | 1 | 6 | 3 | 8 |
| 1 | 7 | 9 | 3 | 6 | 8 | 2 | 4 | 5 |
| 3 | 1 | 2 | 6 | 8 | 7 | 9 | 5 | 4 |
| 4 | 9 | 8 | 2 | 5 | 3 | 7 | 1 | 6 |
| 5 | 6 | 7 | 1 | 9 | 4 | 3 | 8 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 5 | 1 | 6 | 8 | 2 | 4 | 9 | 3 |
| 8 | 6 | 2 | 4 | 9 | 3 | 5 | 7 | 1 |
| 9 | 3 | 4 | 7 | 1 | 5 | 6 | 8 | 2 |
| 1 | 2 | 6 | 8 | 4 | 7 | 3 | 5 | 9 |
| 3 | 7 | 8 | 9 | 5 | 1 | 2 | 4 | 6 |
| 4 | 9 | 5 | 2 | 3 | 6 | 8 | 1 | 7 |
| 5 | 8 | 3 | 1 | 6 | 9 | 7 | 2 | 4 |
| 2 | 4 | 9 | 3 | 7 | 8 | 1 | 6 | 5 |
| 6 | 1 | 7 | 5 | 2 | 4 | 9 | 3 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. leikur
6. slá
8. kk nafn
9. þakbrún
11. ólæti
12. dýrahljóð
14. telja
16. rás
17. óvild
18. fálm
20. mun
21. auma

**LÓÐRÉTT**
1. stöngulendi
3. samtök
4. athafnasemi
5. farfa
7. ákafur
10. andi
13. áþekk
15. bor
16. iðka
19. tveir eins




**LÁRÉTT:** 2. tafl, 6. rá, 8. ari, 9. ufs, 11. at, 12. mjálm, 14. álita, 16. æð, 17. kal, 18. fum, 20. ku, 21. arma.
**LÓÐRÉTT:** 1. brum, 3. aa, 4. framtak, 5. lit, 7. áfjáður, 10. sál, 13. lík, 15. alur, 16. æfa, 19. mm.

## Skák Gunnar Björnsson

Kaikamdhsosow átti leik gegn Metschkarow í Búlgaríu árið 1969.



**Svartur á leik**
**1. ... Df3! 2. Df1** (2. Dxf3 Ha1+ og mátar) **2. ... Ha1! 3. Re1 Hxe1! 4. Dxe1 Dg2# 0-1.** Guðmundur Kjartansson og Vignir Vatnar tefla á erlendri grundu.

**www.skak.is:** Allt um Íslandsmót ungmenna.


**FRÉTTABLAÐIÐ**
**er Helgarblaðið**

**Engin skrímsli til**



**Kolbrún Benediktsdóttir** sótti Thomas Møller Olsen til saka. Hún ræðir um starf sitt undanfarið og þá skoðun sína að fangelsin séu full af fólki sem þurfi að hjálpa.

**Aukin samskipti við Ísland**

**Nicola Sturgeon** forsætisráðherra Skota er stödd hér á landi og ræðir sjálfstæðisbaráttuna og aukin samskipti við Ísland.

**Ferðaráð um Rússland**

**Ferðalag til Rússlands á HM** næsta sumar er snúið í augum ýmissa, við gefum góð ráð.



**Fjölskyldufaðir með marga bolta á lofti**

**Birkir Már Sævarsson** er fjögurra barna faðir sem ekur um á Volvo. Hann segist eiga lítið sameiginlegt með hinum strákunum í íslenska landsliðinu sem hann elskar eins og bræður.

**Fréttablaðið – ómissandi hluti af góðri helgi**


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



KitchenAid®

# HRÆRÐU TIL GÓÐS!



**10.000 krónur** af öllum seldum **KitchenAid** hrærivélum
í október renna til Krabbameinsfélagsins.

**BETRA BORGAR SIG**
Opið virka daga 10 – 18 | Laugardaga 11 – 16

**RAFLAND**
Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

# AMERÍSKIR DAGAR

## 12.-22. OKTÓBER

Taylor FARMS

BEINT FRÁ USA







Gildir til 22. október á meðan birgðir endast.



BEINT FRÁ USA

**Twinkies**
Ameríka í tveimur bitum.

NÝTT



**Lays Gourmet**
Fyrir sælkera.

NÝTT



**Lays bowl bag**
Fyrir óþolinmóða.



**Arizona**
Skolar þorsta, ekki bara í Texas.

BEINT FRÁ USA



**Pop tarts**
Rista og njóta

BEINT FRÁ USA



**Icebreakers**
Bætir andrúmsloftið.



**Kimberley´s**
Ekta amerískar muffins.

BEINT FRÁ USA



**Swiss Miss**
Þegar kólnar fer í veðri.

**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Spöng & Eiðistorg


NAUTAAT
NAUTAAT
Á AMERÍSKUM
DÖGUM
TILBOÐ 20% afsláttur á kassa
1.599 kr/kg
Verð áður 1.999.-
NAUTABRINGA
TILBOÐ 25% afsláttur á kassa
3.749 kr/kg
Verð áður 4.999.-
NAUTA T-BONE
TILBOÐ 25% afsláttur á kassa
3.749 kr/kg
Verð áður 4.999.-
RIBEYE
TILBOÐ 20% afsláttur á kassa
1.599 kr/kg
Verð áður 1.999.-
POT ROAST
TILBOÐ 10% afsláttur á kassa
1.169 kr/kg
Verð áður 1.299.-
NAUTAKINNAR
BEINT FRÁ USA
Scratch & Grain
Auðveldar baksturinn.
TILBOÐ 35% afsláttur á kassa
BEINT FRÁ USA
Bone Suckin
BBQ sósur og krydd.
BEINT FRÁ USA
Aunt Bessie´s
Laukhringir og sætar kartöflur ekta amerískt.
BEINT FRÁ USA
Maria and Ricardo´s tortillur
Ferskar tortillur
BEINT FRÁ USA
Reese´s
Í öllu sínu veldi.
TILBOÐ 35% afsláttur á kassa
Ass Kickin
BBQ-, Hot- og Wing Sauce.
BEINT FRÁ USA
JT´s ís
Gómsætar bragðtegundir.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

FRÉTTABLAÐIÐ
MENNING

# Gaman að ferðast og ráfa um ókunna staði

**Inga Sólveig Friðjónsdóttir ljósmyndari hefur opnað sýningu sem hún nefnir Nokkur þúsund augnablik í sýningarrýminu RAMskram á Njálsgötu 49 í Reykjavík. Þar birtir hún samsettar myndir úr ferðalögum.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is





Inga Sólveig býr til sannkallaðan ævintýraheim úr ljósmyndum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mér finnst mjög gaman að ferðast og ráfa um ókunna staði með myndavélina og á orðið gríðarlega mikið af myndum. Ég tók þá ákvörðun að raða nokkrum þeirra upp í samsett verk og það kemur nokkuð vel út.“ Þetta segir Inga Sólveig Friðjónsdóttir ljósmyndari sem er með sýninguna Nokkur þúsund augnablik á Njálsgötu 49 til 5. nóvember.

Hún kveðst haldin eins konar ferðafýsn. „Alveg frá því ég var barn og las af áfergju 1001 nótt og skoðaði myndir af ættbálkum Afríku, dreymdi mig um að ferðast til fjarlægra landa og sá draumur hefur uppfyllst af og til. Það gefur mér alltaf jafn mikið að upplifa aðra menningu, fólk, byggingar og andrúmsloft.“

Myndirnar sem Inga Sólveig sýnir í RAMskram eru svarthvítar og teknar í þremur löndum, Kúbu, Egyptalandi og Sovétríkjunum gömlu. „Ég fór til Sovétríkjanna 1989 og ákvað að skella myndum þaðan saman í eina seríu,“ segir hún. „Svo er eitt verk með 56 hurðum. Þær myndir eru víðs vegar að.“

Spurð hvort hún raði myndunum sjálf upp í tölvunni svarar hún: „Já, það er í fyrsta skipti sem ég hef þann hátt á. Þegar ég hef búið til samsett verk áður hef ég gert þau í höndunum, því ég er frekar teiknifælin. En nú byrjaði ég á að skanna myndirnar inn og raða þeim svo upp í tölvunni.“

Inga Sólveig kveðst eiga stafræna vél, „en þegar ég er í spariskapinu er ég yfirleitt með filmur,“ segir hún. „Það er langskemmtilegast að taka á einhverjar gamlar Rolyflex. Svo er ég með aðstöðu til að framkalla og geri það líka. Mér finnst rosa gaman að vinna í myrkraherberginu og stundum mála ég ofan í svarthvítu myndirnar á gamaldags máta. Öll svona handavinna er skemmtileg.“



Hurðir eru listaverk sem hylja leyndardóma.

**ÞAÐ GEFUR MÉR ALLTAF JAFN MIKIÐ AÐ UPPLIFA AÐRA MENNINGU, FÓLK, BYGGINGAR OG ANDRÚMSLOFT.**

### Lítið eitt um Ingu Sólveigu

**Inga Sólveig Friðjónsdóttir útskrifaðist frá San Francisco Art Institute 1987. Hún hefur síðan haldið yfir 30 einkasýningar og tekið þátt í samsýningum. Hún hefur í heiðri aðferðir gömlu meistaranna, vinnur mest með svart/hvítt, handmálar stundum með olíulitum og bætir inn teikningum.**

**Myndir Ingu Sólveigar vitna oft um fortíðina. Í þeim hefur hún fjallað um dauðann og trúarbrögð og í myndaröðum segir hún áhorfandanum óræðar sögur. Inga Sólveig myndar líka náttúruna og fókuserar á dramatík, ljós og skugga. Sjá má sýnishorn af verkum hennar hér: http://ingasolveig.is**

Blekhylki.is




Blekhylki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

# Byrjaði þrisvar og hætti tvisvar

Halló, halló,“ er sagt fjörlegri röddu hinum megin á línunni, þegar ég hringi í Þórð Tómasson í Skógum, safnvörð, organista og rithöfund. Ég bið um eitt viðtalsbil vegna nýjustu bókar hans: Þjóðfræði mannslíkamans. Það er fúslega veitt. „Það var einhver ósjálfráð hvöt sem hvatti mig til að skrifa um þetta efni. Eins og ég segi í formála þá byrjaði ég þrisvar og hætti tvisvar en í þriðja skipti varð ekki aftur snúið.“

Varstu búinn að safna þessum fróðleik lengi í sarpinn? „Nei, raunverulega ekki. Efnið er að mestu tekið úr minni mínu og bókin ber það með sér.“

Hvenær höfstu handa? „Árið 2015, orðinn 94 ára.“ Kallar inn í húsið: „Gunna, viltu fara til dyra.“

Ertu með tölvu? „Nei, í mörg ár notaði ég ritvél en seinni árin bara pennann. Þannig sit ég enn að skrifa.“

Hvaða viðfangsefni ertu með núna? „Ég er að ganga frá handriti um heyannir á Íslandi.“



Þórður er níutíu og sex ára og sendir frá sér hvert bókarhandritið eftir annað.

Var Bjarni Guðmundsson á Hvanneyri ekki búinn að tæma það efni? „Nei, engan veginn. Hann kom með stórt og mikið rit árið 2015 um íslenska sláttuhætti en ég fer miklu víðar. Ég fer um allt sviðið.“ – gun

### Úr kaflanum Nef

**Sjómanni var það góð aflavon ef hann hnerraði ofan í bát sinn eða veiðarfæri, áður en lagt var í róður. Góðs viti var að hnerra ofan í heyið í teignum, maður hnerraði því heim í garð. Mánudagshnerrar tóku öllum hnerrum fram. Betri er mánudagshnerri en móðurkoss sagði gamall málsháttur. Eitthvað gott var þá í vændum. Hnerrar yfir matborði höfðu sterka boðun og fór eftir aldri þess sem hnerraði: Elsti mat meiri, yngsti mann fleiri, miðlungur mann frá borði. Að hnerra ofan í askinn sinn boðaði matarheill í húsi.**

# Lifa þar margir og hugsa stórt



Söngfjelagið undir stjórn Hilmars Arnar Agnarssonar syngur í Félagsheimili Seltjarnarness á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Á menningarhátíð Seltjarnarness 2017 sem nú stendur yfir er margt í boði. Meðal þess er sýning á listaverkum Þorvaldar Skúlasonar (1906-1984) í Gallerii Gróttu á Eiðistorgi. Hún nefnist Sporbaugur og þar eru verk úr einkasafni Sverris Sigurðssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur.

**ÁTJÁN HRESS UNGMENNI ÚR VALHÚSASKÓLA KOMA HLÁTURTAUGUM GESTA Í GANG.**

Af atriðum morgundagsins, laugardags, má nefna tónleika Söngfjelagsins undir stjórn Hilmars Arnar Agnarssonar í Lækningaminjasafninu klukkan 16. Þar flytur kórinn Fuglakabarett Daníels Þorsteinssonar og Hjörleifs Hjartarsonar.

Pétur Ben og Lay Low verða í fyrsta skipti saman á sviði annað kvöld á tónleikum í Félagsheimili Seltjarnarness. Þau byrja klukkan 21 að tvinna saman tónlist sína.

Tvær sýningar eru í bókasafninu. Í barnadeildinni sýna listamenn leikskólans verk sín um skordýrin og náttúruna og sýning um ævi og feril Jóhönnu Kristjónsdóttur rithöfundar (1940-2017) er í Bókasafni Seltjarnarness.

Heiðursdagskrá um Jóhönnu verður svo í Félagsheimili Seltjarnarness á sunnudaginn. Hún hefst klukkan 14. Þar koma fram Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri, Elísabet Jökulsdóttir, Embla Garpsdóttir, Hildur Bjarnadóttir, Hrafn Jökulsson, Jökull Elísabetarson, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigþrúður Guðmundsdóttir og Styrmir Gunnarsson og kynnir er Vera Illugadóttir.

Tónlist verður í höndum Daníels Helgasonar gítarleikara og Sigrúnar Kristbjargar Jónsdóttur fiðluleikara. Þau munu leika arabíska og líbanska tónlist í dúettformi. Í hléi verða seldir munir fyrir Fatímusjóðinn sem Jóhanna stofnaði til að styðja jemenskar konur og börn til sjálfshjálpar. Einnig verður vöfflu- og kaffisala.

Fersk spunasýning hefst í Félagsheimilinu klukkan 18 á sunnudag þar sem átján hress ungmenni úr Valhúsaskóla koma hláturtaugum gesta í gang og sigurvegari úr Söngkeppni Selsins flytur vinningslag sitt fyrir viðstadda. Improv Ísland kemur svo beint af fjölum Þjóðleikhúskjallarans og spinnur fyrir gesti. – gun



Sýning og dagskrá um Jóhönnu Kristjónsdóttur er meðal hápunkta hátíðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM










# Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 13. OKTÓBER 2017

### Tónlist

**Hvað?** Cyber – Horror útgáfutónleikar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra, Naustunum
Cyber gefur út sína fyrstu breiðskífu ásamt Sticky Plötuútgáfu í kvöld. Í tilefni af því ætla skúzrurnar að halda útgáfutónleika samdægurs til þess að frumflytja nýja efnið. Á staðnum verður hægt að kaupa varning sem var sérstaklega hannaður fyrir útgáfuna af Grétu Þorkelsdóttur og Örnu Beth. Um upphitun sér Young Karin.

**Hvað?** Mugison á Garðakaffi á Akranesi
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Garðakaffi, Akranesi
Mugison spilar uppi á Skaga.

**Hvað?** Jack Rocks kynnir: Atomstation og We Made God á Hard Rock Café
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hard Rock Café, Lækjargötu

**Hvað?** Ezeo B2B intr0beatz
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Paloma, Naustunum
Í kvöld er húskveldið sem vert er að mæta á. Þar verða tvinnpinnarnir Ezeo & Intr0beatz bak í bak með þétt og djúptónað hús á efri hæð Paloma. Ezeo er að fara aftur til Berlínar og mun þetta verða síðasta gigg áður en farið er aftur út.

### Viðburðir

**Hvað?** Skúli Pálsson heldur erindi: Heimspeki sem lífslist
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Lífspekifélagið, Ingólfsstræti

**Hvað?** Föstudagspartísýning: The Matrix
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu
Vísindaskáldskapur af bestu gerð, þar sem framsæknar tæknibrellur ráða ríkjum, kvikmynd sem hefur haft áhrif æ síðan og sannkölluð költ-klassík. Hasarmynd með


Intr0beatz spilar hús á Paloma í kvöld bak í bak með Ezeo. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

þeim Keanu Reeves, Laurence Fishburne og Carrie-Anne Moss í aðalhlutverkum. Myndin vann til fernra Óskarsverðlauna á sínum tíma.

**Hvað?** Blikka / Blink
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Gama ríkið, Seyðisfirði
Sýningin Blikka samanstendur af verkum eftir fjóra listamenn sem með ólíkri nálgun kryfja athafnirnar sem fela í sér að rannsaka og skrásetja í tengslum við tíma og rými. Sýnendur eru gestalistamenn Skaftfells í október og nóvember 2017: Jessica MacMillan, Maiken Stene, Malin Franzén og Yen Noh. Sýningin er hluti af utandagskrá myndlistarhátíðarinnar Sequences í Reykjavík.

**Hvað?** Tvær sýningaopnanir: Stór-Ísland og Garður
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Á sýningunni Stór-Ísland verða sýnd verk sjö listamanna, það eru Anna Hallin, Claudia Hausfeld, Jeannette Castioni, Joris Rademaker, Rebecca Erin Moran, Sari Cedergren og Theresa Himmer. Listamennirnir koma frá Svíþjóð, Þýskalandi, Ítalíu, Hollandi, Bandaríkjunum, Finnlandi og Danmörku en hafa búið og starfað á Íslandi um lengri eða skemmri tíma. Sýningin Garður er hluti af D-salarröð Listasafns Reykjavíkur. Þrítugasti og fyrsti listamaðurinn sem sýnir í D-salnum að þessu sinni er Anna Rún Tryggvadóttir.


Mugison skellir sér upp á Skaga í kvöld og skemmtir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Hvað?** Out of Controll / Útgáfuteiti
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Í tilefni af útgáfu plötunnar Out of Controll er þér boðið í tröllateiti í Mengi í kvöld klukkan 20. Platan er samvinnuverkefni myndlistarmannsins Egils Sæbjörnssonar og tröllanna Úgh og Bõõgár sem hafa verið fulltrúar Íslands á Feneyjatvíæringnum 2017.

**Hvað?** „Slitförin“ – ljóðabók eftir Friðu Ísberg – útgáfuhóf
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Í dag fögnum við útgáfu fyrstu ljóðabókar Fríðu Ísberg, „Slitförin“, í Mengi við Óðinsgötu í miðbæ Reykjavíkur. Dyrnar opnast kl. 16.30 og dagskrá hefst tímanlega klukkan 17.00.






# GIACOMO PUCCINI



# TOSCA

HÖNNUN: HGM

FRUMSÝND 21. OKTÓBER 2017
Í ELDBORG – HÖRPU

HLJÓMSVEITARSTJÓRI **BJARNI FRÍMANN BJARNASON** · LEIKSTJÓRI **GREG ELDRIDGE**
TOSCA **CLAIRE RUTTER** · CAVARADOSSI **KRISTJÁN JÓHANNSSON** · SCARPIA **ÓLAFUR KJARTAN SIGURÐARSON**

ANGELOTTI **ÁGÚST ÓLAFSSON** · SAGRESTANO **BERGÞÓR PÁLSSON**
SPOLETTA **ÞORSTEINN FREYR SIGURÐSSON** · SCIARRONE **FJÖLNIR ÓLAFSSON**
**KÓR OG HLJÓMSVEIT ÍSLENSKU ÓPERUNNAR** · **DRENGJAKÓR REYKJAVÍKUR**
LEIKMYND **ALYSON CUMMINS** · BÚNINGAR **NATALIA STEWART**
LJÓSAHÖNNUN **ÞÓRÐUR ORRI PÉTURSSON** · SVIÐSHREYFINGAR **JO MEREDITH**

**MIÐASALA Á OPERA.IS**

#islenskaoperan

ÍSLENSKA ÓPERAN






# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## STÖÐ 2

**07.00 Simpson-fjölskyldan**
**07.25 Tommi og Jenni**
**07.45 Kalli kanína og félagar**
**08.05 The Middle**
**08.30 Pretty Little Liars**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.20 The New Girl**
**10.45 Veep**
**11.15 Í eldhúsinu hennar Evu**
**11.40 Heimsókn**
**12.05 Leitin að upprunanum**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 As Good as It Gets**
**15.15 The Immortal Life of Henrietta Lacks**
**16.50 Friends**
**17.15 Friends**
**17.40 Bold and the Beautiful**
**18.05 Nágrannar**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Sportpakkinn**
**19.20 Fréttayfirlit og veður**
**19.25 Bomban**
**20.15 The X Factor 2017** Einn vinsælasti skemmtiþáttur veraldar þar sem efnilegir söngvarar fá tækifæri til að slá í gegn.
**21.05 Salting the Battlefield** Vönduð bresk bíómynd frá 2014. Húb fjallar um fyrrverandi leyniþjónustumanninn Johnny Worricker sem hrökklaðist úr starfi eftir að hann uppgötvaði spillingu meðal embættismanna innan bresku ríkisstjórnarinnar.
**22.40 Meet the Blacks** Gamansöm hrollvekja frá 2016 með Mike Epps í aðalhlutverki. Eftir að hafa efnast snögglega flytur Black-fjölskyldan frá Chicago til Beverly Hills og veit auðvitað ekki að daginn sem þau flytja inn eru þau dauðadæmd. Meet the Blacks er svokölluð „spoof"-mynd þar sem græskulausu en óheflaðu gríni er bætt við söguþráð Purge-myndanna.
**00.15 The Lord of the Rings: The Two Towers**
**03.10 As Good as It Gets**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.10 Þór Þ. - Njarðavík**
**08.50 Afturelding - Selfoss**
**10.15 Holland - Svíþjóð**
**11.55 Portúgal - Sviss**
**13.35 Frakkland - Hvíta-Rússland**
**15.15 Markaþáttur Undankeppni HM 2018**
**16.05 Gary Neville's Soccerbox**
**16.35 Premier League World**
**17.05 Þór Þ. - Njarðavík**
**18.45 PL Match Pack**
**19.15 La Liga Report**
**19.45 Stjarnan - KR** Bein útsending frá leik í Domino's-deild karla.
**22.00 Domino's körfuboltakvöld** Leikirnir í Domino's-deildinni gerðir upp
**23.40 Evrópudeildin - fréttaþáttur**
**00.30 Bundesliga Weekly**
**01.00 Premier League Preview**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.00 Dallas Cowboys - Green Bay Packers**
**10.20 Pittsburgh Steelers - Jacksonville Jaguars**
**12.40 NFL Gameday**
**13.10 Formúla 1 - Keppni**
**15.30 Valur - Skallagrímur**
**17.10 Seinni bylgjan**
**18.40 Birmingham - Cardiff** Bein útsending
**20.45 PL Match Pack**
**21.15 Premier League Preview**
**21.45 La Liga Report**
**22.15 NBA Special - The Bad Boys**
**00.00 Stjarnan - KR**
**01.40 Domino's-körfuboltakvöld**

## STÖÐ 3

**17.20 The New Girl**
**17.45 The New Adventures of Old Christine**
**18.10 The League**
**18.35 Modern Family**
**19.00 Seinfeld**
**19.25 Friends**
**19.50 First Dates**
**20.40 It's Always Sunny in Philadelphia**
**21.05 Six Feet Under**
**22.05 Eastbound & Down**
**22.35 Entourage**
**23.05 Significant Mother**
**23.30 Smallville**
**00.15 Modern Family**
**00.40 Friends**
**01.05 Tónlist**

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00 Könnuðurinn Dóra**
**07.24 Mörgæsirnar**
**07.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**08.00 Áfram Diego, áfram!**
**08.24 Svampur Sveinsson**
**08.49 Lalli**
**08.55 Rasmus Klumpur**
**09.00 Strumparnir**
**09.25 Ævintýraferðin**
**09.37 Hvellur keppnisbíll**
**09.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**10.00 Tindur**
**10.11 Nilli Hólmgeirsson**
**10.25 K3**
**10.38 Mæja býfluga**
**10.47 Stóri og Litli**
**11.00 Könnuðurinn Dóra**
**11.24 Mörgæsirnar**
**11.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**12.00 Áfram Diego, áfram!**
**12.24 Svampur Sveinsson**
**12.49 Lalli**
**12.55 Rasmus Klumpur**
**13.00 Strumparnir**
**13.25 Ævintýraferðin**
**13.37 Hvellur keppnisbíll**
**13.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**14.00 Tindur**
**14.13 Nilli Hólmgeirsson**
**14.27 K3**
**14.40 Mæja býfluga**
**14.49 Stóri og Litli**
**15.00 Könnuðurinn Dóra**
**15.24 Mörgæsirnar**
**15.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**16.00 Áfram Diego, áfram!**
**16.24 Svampur Sveinsson**
**16.49 Lalli**
**16.55 Rasmus Klumpur**
**17.00S trumparnir**
**17.25 Ævintýraferðin**
**17.37 Hvellur keppnisbíll**
**17.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**18.00 Tindur**
**18.13 Nilli Hólmgeirsson**
**18.27 K3**
**18.40 Mæja býfluga**
**18.49 Stóri og Litli**
**19.00 Angry Birds**



**Könnuðurinn Dóra kl. 07.00, 11.00 og 15.00**

## GOLFSTÖÐIN

**08.15 Golfing World**
**09.05 Inside the PGA Tour**
**09.30 CIMB Classic**
**13.35 PGA Highlights**
**14.30 Golfing World**
**15.45 CIMB Classic**
**19.50 Presidents Cup**
**21.40 CIMB Classic**
**01.45 Golfing World**
**02.35 Inside the PGA Tour**
**03.00 CIMB Classic**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.10 Nancy Drew**
**12.50 Tumbledown**
**14.35 Warm Springs**
**16.35 Nancy Drew**
**18.20 Tumbledown**
**20.00 Warm Springs** Myndin segir frá lífi Franklins D. Roosevelt áður en hann varð foreti eða frá því að hann greindist með lömunarveiki og leitaði sér lækninga á heilsuhæli í Georgíuríki. Veikindin höfðu mikil áhrif á hann og mótuðu persónuleika hans. Myndin var tilnefnd til þrennra Golden Globe-verðlauna og hlaut fjölda annarra viðurkenninga.
**22.00 Knocked Up** Rómantísk gamanmynd frá 2007 með Katherine Heigl og Seth Rogan. Myndin fjallar um ungan mann sem á einnar nætur gaman með stórglæsilegri dömu og kemst svo að því stuttu síðar að hann hefur barnað hana.
**00.15 Losers** Spennumynd frá 2013 sem gerist í litlum bæ í Svíþjóð í byrjun tíunda áratugarins og fjallar um einmana kennara sem fellur fyrir unglingi.
**01.25 Draft Day**
**03.15 Knocked Up** Rómantísk gamanmynd frá 2007 með Katherine Heigl og Seth Rogan. Myndin fjallar um ungan mann sem á einnar nætur gaman með stórglæsilegri dömu og kemst svo að því stuttu síðar að hann hefur barnað hana.

## RÚV

**16.30 Forystusætið**
**16.55 Hásetar**
**17.20 Landinn**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Froskur og vinir hans**
**18.10 Hundalíf**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Best í Brooklyn**
**20.00 Útsvar**
**21.20 Vikan með Gísla Marteini**
**22.05 Prometheus**
**00.10 Brösug barnapössun**
**01.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 90210**
**09.50 Royal Pains**
**10.35 The Voice USA**
**11.20 Síminn + Spotify**
**13.00 Dr. Phil**
**13.40 America's Funniest Home Videos**
**14.05 The Biggest Loser - Ísland**
**15.05 Heartbeat**
**15.50 Glee**
**16.35 Everybody Loves Raymond**
**17.00 King of Queens**
**17.25 How I Met Your Mother**
**17.50 Dr. Phil**
**18.30 The Tonight Show**
**19.10 Family Guy**
**19.30 The Voice USA**
**21.00 The Bachelorette**
**22.30 The Bachelorette**
**23.10 The Tonight Show**
**23.50 Prison Break**
**00.35 Heroes Reborn**
**01.20 Penny Dreadful**
**02.05 Quantico**
**02.50 Shades of Blue**
**03.35 Mr. Robot**
**04.20 Intelligence**
**05.10 House of Lies**
**05.40 Síminn + Spotify**
**06.00 Síminn + Spotify**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




HEFST SUNNUDAGINN 15. OKTÓBER
KLUKKAN 20:15

# Leitin að upprunanum

Önnur þáttaröð af þessum geysivinsælu þáttum sem slógu í gegn á síðasta ári og fengu bæði **Edduverðlaun** og **Blaðamannaverðlaun B.Í.** Sigrún Ósk ferðast með viðmælendum sínum um víða veröld og aðstoðar þá við að leita uppruna síns.

MARGFALT SKEMMTILEGRI

365.is | 1817

FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ

# Komin í hóp með Slick Rick og David Bowie

**Eva Pandora Baldursdóttir**, þingmaður og leiðtogi Pírata í Norðvesturkjördæmi, skartar nú augnlepp á hægra auga. Hún er þá komin í hóp með nokkrum frægum sem hafa skartað augnlepp.



Rapparinn Slick Rick slasaðist á auga þegar hann var lítill og hefur síðan þá unnið með augnleppinn sem fylgihlut.
NORDICPHOTOS/GETTY



Tónlistarmaðurinn David Bowie þurfti að vera með augnlepp vegna tárubólgu og leit líka svona vel út með hann.



Prinsessan af Kent með augnlepp árið 2015 eftir aðgerð á auga.

Ífyrrinótt gubbaði eins árs dóttir mín í rúmið sitt um miðja nótt þannig að við tókum hana upp í hjónarúmið. Það var dimmt inni í herberginu þannig að ég sá lítið hvað hún var að gera en hún baðar út höndunum með þeim afleiðingum að hún klórar mig í augað,“ segir Eva Pandora Baldursdóttir, þingmaður Pírata, spurð út í af hverju hún skarti augnlepp.

Aðspurð hvort hún ætli ekki bara að vinna með leppinn sem tískudót, líkt og Slick Rick, David Bowie og fleiri hafa gert, þá skellir hún upp úr og segir: „Ég efast um að ég muni skarta leppnum lengur en ég þarf því það er óskaplega óþægilegt að missa jaðarsjónina öðrum megin auk þess sem rýmisgreindin minnkar töluvert við að sjá bara út um annað augað.“

> **ÉG EFAST UM AÐ ÉG MUNI SKARTA LEPPNUM LENGUR EN ÉG ÞARF ÞVÍ ÞAÐ ER ÓSKAPLEGA ÓÞÆGILEGT AÐ MISSA JAÐARSJÓNINA ÖÐRUM MEGIN.**



Eva Pandora birti þessa sjálfsmynd á Facebook-síðu sinni.



Fyrirsæta á tískusýningu Depression þegar nýjasta haust- og vetrarlína merkisins var kynnt.

Þó að þetta sé óþægilegt þá hefur Eva húmor fyrir þessu, sem og fólkið í kringum hana, sérstaklega í ljósi þess að hún er þingmaður Pírata. „Það er vægast sagt gert mikið grín að þessu. Aðstæðurnar eru rosalega kómískar.“

gudnyhronn@365.is



# BLEIKI DAGURINN

## LEGGÐU ÞITT AF MÖRKUM

## KÚLUPENNI BLEIKUR SÖFNUNARÁTAK

Pentel



Bleiki penninn
Verð: 1.289.-

**Allur ágóði af sölu pennans, 650 kr. rennur til Krabbameinsfélagsins líkt og undanfarin ár.**



**25% afsláttur**

**Verð frá 1.124 kr.**
Verð áður frá: 1.499 kr.



**HÁTALARI**
MEÐ HLJÓÐNEMA (ÞRÁÐLAUS)
TILBOÐ:
**7.499.-**
Fullt verð: 9.999.-



**HEFTARI**
FYRIR ALLT AÐ 30 BLÖÐ
TILBOÐ:
**2.999.-**
Fullt verð: 3.999.-



**SKÚFFUSKÁPUR**
MEÐ 4 EÐA 5 SKÚFFUM
TILBOÐSVERÐ FRÁ:
**8.969.-**
Fullt verð frá: 12.999.-



**BRÉFABINDI**
8 CM KJÖLUR 180°
TILBOÐ:
**824.-**
Fullt verð: 1.099.-



**FLIPAMAPPA**
MEÐ 6 EÐA 12 FLIPUM & TEYGJU
TILBOÐSVERÐ FRÁ:
**1.499.-**
Fullt verð frá: 1.999.-




**LÍFIÐ Á ÍSSKÁPSHURÐINNI**
VILDARVERÐ:
**2.399.-**
Fullt verð: 2.999.-




**KÓNGULÆR Í SÝNINGARGLUGGANUM**
VILDARVERÐ:
**3.199-**
Fullt verð: 3.999.-

**30% vildar-afsláttur**




**Verð frá 11.549 kr.**
Verð áður frá: 16.499 kr.

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildarverð á bókum og ferðatöskum gildir til og með 15. október. Önnur tilboð gilda út októbermánuð. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Bleikt í dag
## – og alla aðra daga

Í dag er Bleiki dagurinn og því nánast skylda að klæðast bleiku til að sýna samstöðu! Konur jafnt sem karlar eiga að vera óhrædd við að klæðast þessum fallega lit þar sem úrvalið í verslunum landsins hefur aldrei verið betra.







Það þarf þó ekki að einskorða sig við klæðnað en hægt er að skarta bleikum varalit, naglalakki eða jafnvel maskara! Einnig er hægt að notast við bleika fylgihluti á borð við bleikt símahulstur, bleika lyklakippu eða bleikan vatnsbrúsa.

Óháð því hvernig þú „bleikar“ þig upp á morgun, þá hvetjum við alla eindregið til að fjárfesta í Bleiku slaufunni til styrktar ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins sem veitir ókeypis stuðning, fræðslu og ráðgjöf til krabbameinsgreindra og aðstandenda þeirra. Eigið bleikan föstudag!



Ellingsen duggarapeysa – 25.995 kr. Allur ágóði af peysunni rennur til Krabbameinsfélagsins.




Ellingsen peysa – 9.995 kr. Allur ágóði af peysunni rennur til Krabbameinsfélagsins.



Filippa K kápa – GK Reykjavík 69.995 kr.



Lindex toppur – 3.999 kr. 10% af sölu línunnar og allur ágóði af sölu bleika armbandsins renna til styrktar baráttunni gegn brjóstakrabbameini á Íslandi.




Fila peysa – Galleri 17 8.995 kr.



Wemeto bolur – Galleri 17 5.995 kr.



Vans – Galleri 17 13.995 kr.



Storm&Marie húfa – Akkurat 5.590 kr.



Stussy peysa – Húrra Reykjavík 14.990 kr.



Herschel trade ferðataska – Galleri 17 22.995 kr.

GLAMOUR
Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.
• Facebook • Instagram • Twitter

ÞORLÁKSMESSUTÓNLEIKARÖÐ

# BUBBI
# MORTHENS





13. DES **BÆJARBÍÓ** HAFNARFIRÐI
17. DES **VALASKJÁLF** EGILSSTÖÐUM
19. DES **BÍÓHÖLLIN** AKRANES
21. DES **HOF** AKUREYRI
23. DES **HARPA** REYKJAVÍK

tryggðu þér miða!

HARPA
SÝNT Í HOFI
midi.is
BYLGJAN 989
prime UMBOÐSSKRIFSTOFA






## Föstudags-playlisti Lífsins

### Denique

TÓNLISTARMAÐUR

Kanadíski tónlistarmaðurinn Denique setti saman föstudagslagalista Lífsins að þessu sinni. Hann lýsir listanum sem dramatískum sem er í takt við hljómplötuna sem hann var að senda frá sér.

Föstudagsplaylista Lífsins má einnig finna á Spotify undir notandanafninu Visir.

PLAY FOLLOW

| LAG | FLYTJANDI |
|---|---|
| iT | Christine and the Queens |
| Survivor | M.I.A. |
| Chasing Kites | Iamamiwhoami |
| Who Do You Love | Love Inc. |
| God Bless America | Lana Del Rey |
| The Gate | Bjork |
| Marrow | Anohni |
| I Will Love Again | Bat for Lashes |
| Nose Grows Some | Thom Yorke |
| Angel | Sevdaliza |



Söngvari, rappari, leikari og nú óperusöngvari (eða smaladrengur). FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Frá bjórkvöldum yfir í elegans óperunnar

**Sigurbjartur Sturla Atlason** er einn fremsti poppari landsins og tryllir ungdóminn sem Sturla Atlas. Hann er líka leikari og það starf hefur skilað honum á svið í Toscu í uppsetningu Íslensku óperunnar.

Leikarinn, söngvarinn og rapparinn Sigurbjartur Sturla Atlason syngur hlutverk smala í uppfærslu Íslensku óperunnar á Toscu – réttara sagt syngur hann aríuna Io de sospiri te ne rimanno tanti. Líklega ekki oft sem íslenskur poppari stígur á svið með Íslensku óperunni og hefur upp raust sína. Reyndar er þetta í annað sinn sem Sigurbjartur kemur fram hjá óperunni en hann lék þögult hlutverk í Évgení Onegin eftir Tsjajkovskí í fyrra.

Eins og flestir ættu að vita kemur Sigurbjartur fram undir nafninu Sturla Atlas þar sem hann syngur og rappar um ástir og örlög ungs fólks í dag við miklar vinsældir.

*Hefurðu verið að æfa þig í að syngja einhverjar aríur fyrir framan spegilinn svona baksviðs áður en þú ferð á svið sem Sturla Atlas?* „Nei, ég get ekki sagt það. Ég var upphaflega ráðinn til að leika í sýningunni – síðan er þarna hlutverk sem er skrifað fyrir ungan dreng og þeim fannst það að láta mig syngja það vera farsælasta lausnin. Ég er að syngja þarna í falsettu allan tímann, það er dálítið skemmtilegt.“

**ÞETTA ER MJÖG „CLASSY“. MAÐUR HEFUR AUÐVITAÐ UPPLIFAÐ SITTHVAÐ, AÐ SPILA Á ÝMSUM SVONA LÁGMENNINGARGIGGUM SÍÐUSTU TVÖ ÁR – KANNSKI MIKIÐ AF BJÓRKVÖLDUM Á SPOT Í KÓPAVOGI EN NÚNA FÆR MAÐUR ELEGANSINN OG HÁMENNINGUNA.**

*Er það ekkert erfitt?* „Mér finnst þetta ekkert vera neitt ÞAÐ erfitt – mér fannst þetta svolítið steikt og fyndið fyrst þegar ég heyrði þetta af því að ég var ekkert að búast við að þetta væri eitthvað fyrir mig eða eitthvað sem myndi koma vel út, ég leyfði mér að efast um það. Núna finnst mér þetta mjög flott, eiginlega alveg geðveikt og ég er mjög spenntur að gera þetta.“

*Þannig að þú ert bara kominn í hámenninguna núna?* „Þetta er mjög „classy“. Maður hefur auðvitað upplifað sitthvað, að spila á ýmsum svona lágmenningargiggum síðustu tvö ár – kannski mikið af bjórkvöldum á Spot í Kópavogi en núna fær maður elegansinn og hámenninguna.“

*Má búast við óperusöng í næsta viðlagi hjá Sturlu Atlas?* „Ég held að ég myndi ekki komast upp með það ... en ég veit það ekki, kannski.“

Verkið verður frumsýnt 21. október og fyrir alla æsta aðdáendur Sturlu Atlas þá stígur smaladrengurinn á sviðið í upphafi 3. þáttar.

**stefanthor@frettabladid.is**




**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


RISA OPAL
RISA
OPAL
Mentóllakkrís
ER MÆTT AFTUR
NÓI SÍRÍUS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177



BAKÞANKAR

Maríu Bjarnadóttur




## Flókin forréttindi

Fólk í forréttindastöðu* á samúð mína um þessar mundir. Það er svo mikið af baráttu- og hugsjónafólki að hrista heimsmyndina alla að það er erfitt að átta sig á hvað snýr fram og hvað aftur. Ólgan er svo mikil að hún nær jafnvel til góða fólksins.

Stjórnmálamaður til áratuga komst til dæmis að því í vikunni, uppi á sviði og fyrir framan fullt af fólki, að það er ekki lengur viðeigandi að lýsa einhverju sem er gallað sem fötluðu. Nú er víst búið að ákveða að fólk er bara fólk, með mismunandi þarfir og getu sem skilgreinir það ekki. Fötlun má víst ekki lengur nota sem niðrandi orð. Það er skiljanlega erfitt að fylgjast með því hvað er viðeigandi hugtakanotkun um fólk sem er ekki nákvæmlega eins og við sjálf, en þá þarf að leita leiðbeininga og ráða þeirra sem þekkja til ef uppfærslan gerist ekki af sjálfu sér. Nútíminn og allt það.

Að sama skapi var átakanlegt að fylgjast með saklausum framámanni í samfélaginu eiga þátt í því að skapa þvílíkan pólitískan jarðskjálfta að ríkisstjórnin hrundi og kjósendum var hrint að kjörkössunum aftur. Bara með einni velmeinandi undirskrift. Höfðingjar hafa jú löngum aðstoðað bændur og búalið í þrengingum og varla rétt að hætta því núna? Það eru ekki allir forstjórar í Garðabænum að #freethenipple og #hafahátt og #breytaheiminum. Kannski hefur ekki verið mjög opinská umræða um orsakir og afleiðingar kynferðisofbeldis og svoleiðis á frímúrarafundum. Mögulega hefur eitthvað hrist upp í þeirra dagskrá nýlega.

*Það er örugglega alger tilviljun að fólk í forréttindastöðu er flest karlar.


OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ICELAND ENGIHJALLA, VESTURBERGI, ARNARBAKKA, GLÆSIBÆ OG STAÐARBERGI

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland






STILLANLEG RÚM • HEILSURÚM OG -DÝNUR • GAFLAR • SÆNGUR • KODDAR • SVEFNSÓFAR • STÓLAR • SÆNGURFÖT, O.FL.



# RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

**Seljum í stuttan tíma eldri gerðir af rúmum og öðrum vörum með veglegum afslætti í verslun okkar í Faxafeni.**

Við erum að taka inn mikið magn af nýjum vörum og rýmum til með því að selja eldri gerðir og sýningareintök með veglegum afslætti.

RÝMINGARSALA
25-50%
AFSLÁTTUR
EKKI MISSA AF ÞESSU

STILLANLEG RÚM



HEILSURÚM OG RÚMGAFLAR



SVEFNSÓFAR



FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is

Betra BAK